

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Miðvikudagur 16. maí 2007 – 20. tölublað – 3. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 **visir**

**Víxlverkun Kína og BNA**

Nærir hagkerfi heimsins




6

Sagan af Actavis Framhaldið á huldu

8-9

Samfélagsleg ábyrgð Samskipa

Styðja við útrás Lay Low



12



**KAUPHÖLL ÍSLANDS** Átta þúsund stiga múr Úrvalsvisítölnnar var rofinn í fyrsta sinn í gærmorgun.

## Tvöfaldast á tveimur árum

Úrvalsvisítalan rauf átta þúsund stiga múrinn í fyrsta sinn í gærmorgun sem er um fjórðungs-hækkun frá áramótum.

Við lokun markaðarins var Úrvalsvisítalan komin í 8.027 stig og hafði þá hækkað um 1,20 prósent í viðskiptum dagsins. Fyrir nákvæmlega tveimur árum stóð Úrvalsvisítalan í 4.050 stigum og hefur því rétt tæplega tvöfaldast síðan þá.

Fjárfestar virðast hafa tekið niðurstöðum þingkosninga vel því auk hækkana á hlutabréfamarkaði hefur gengi krónunnar styrkst í vikunni.

Eimskipafélagið og Exista leiddu hækkunar gærdagsins. Gengi Eimskipafélagsins fór í 39,5 krónur á hlut, hækkaði um 4,08 prósent, en Exista hækkaði um 2,21 prósent, fór í 32,40 krónur á hlut.

- óká/eþa

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Næstbesti fjórðungurinn** | Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) hagnaðist um 4,7 milljarða króna á fyrstu þremur mánuðum ársins samanborið við rúman 1,1 milljarð króna á sama tíma í fyrra.

**Ný barátta** | Allar líkur eru taldar á að Marel taki þátt í fyrsta hluta söluferlis á hollenska fyrirtækinu Convenience Food Systems sem er stærst sinnar tegundar í framleiðslu á hátækniúnaði fyrir matvælaíðnaðinn.

**365 tapar** | 35 milljóna króna tap varð á rekstri 365 hf., útgáfufélags Fréttablaðsins, á fyrsta ársfjórðungi samanborið við tap upp á 441 milljón króna á sömu starfsemi í fyrra.



**Vill Actavis** | Björgólfur Thor Björgólfsson hefur hug á að eignast allt hlutafé í Actavis Group í gegnum fjárfestingafélag sitt Novator. Hann ætlar að bjóða hluthöfum 85,23 krónur á hlut.

**Til Austur-Evrópu** | Icelandair Group hefur gefið út viljayfirlýsingu um kaup á Travel Service, stærsta einkarekna flugfélagi Tékklands. Áætluð velta félagsins er um 72 milljarðar í ár.

**Verðbólga hjaðnar** | Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,86 prósent á milli mánaða og lækkar tólf mánaða verðbólga því úr 5,3 prósentum í 4,7 prósentum, samkvæmt útreikningum Hagstofunnar.

**Kauphöllin aðlagast** | Síðasta skrefið í aðlögun Kauphallar Íslands að OMX var tekið á mánudaginn þegar viðskipti hófust á markaði með afleiður á íslensk hlutabréf og vísitölur.

**Með hámarkshlut** | Kaupþing er komið með fimmtungshlut í Storbriand, sem er sá hámarkshlutur sem Norska fjármálaeftirlitið heimilaði bankanum að fara með.

# Helmingsfækkun lífeyrissjóða á 15 árum

Búist er við frekari sameiningum lífeyrissjóða. Sameiningar eru sagðar leiða til betri afkomu. Þrjú fjórðu hlutar heildareigna lífeyrissjóðanna eru í vörslu átta stærstu sjóðanna.

Lífeyrissjóðum hefur fækkað um meira en helming frá árslokum 1992 þegar þeir voru 86. Í dag eru 40 lífeyrissjóðir starfandi og verða alls 36 ef af sameiningu Lífeyrissjóðs Hf. Eimskipafélags Íslands, Lífeyrissjóðs Flugvirkjafélags Íslands, Lífeyrissjóðs Mjólkursamsölunnar, Eftirlaunassjóðs starfsmanna Ólíuverzlunar Íslands og Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins verður. Um áramótin voru þeir 41 en Lífeyrissjóður Norðurlands og Lífeyrissjóður Austurlands hafa sameinast í Stapa lífeyrissjóð.


Jónas Fr. Jónsson, forstjóri FME, ræddi um þessa þróun á aðalfundi Landsamtaka lífeyrissjóða (LL) í síðustu viku og benti þar meðal annars á að 75 prósent heildareigna lífeyrissjóðanna eru í vörslu átta stærstu sjóðanna.

„Sameining lífeyrissjóða er að mörgu leyti jákvæð þróun, enda leiðir slíkt yfirleitt til sterkari fjárhagsstöðu einstakra sjóða,

hagræðingu í rekstri og betri afkomu. Þessu til viðbótar hafa stærri sjóðir meiri burði til að standa undir öflugra innra eftirliti, styrkari áhættustýringu og meiri faglegri þekkingu við greiningu á fjárfestingakostum.“

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri LL, tekur í

## FJÖLDI LÍFEYRISSJÓÐA



sama streng og Jónas og telur nokkuð öruggt að lífeyrissjóðum haldi áfram að fækka á næstu misserum – jafnt stórum sem smáum. Ein ástæða er sú að það er dýrt fyrir litla og lokada sjóði að vera með sjálfstæða tilveru því fastur rekstrarkostnaður er mikill. Önnur skýring er sú að lífeyrissjóðir sveitarfélaga fara minnkandi þar sem allir nýir starfsmenn greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga.

„Við bjuggumst við því um árið að þessi þróun næði eingöngu til smærri sjóða, sem myndu sameinast, en það hefur ekki eingöngu orðið raunin því margir stórir sjóðir hafa sem betur fer sameinast,“ segir Hrafn og vísar þar til Gildis lífeyrissjóðs, Stafa og Festu og nú síðast Stapa. - eþa

# Sjötíuogfimmfalt markaðsvirði

Forstjóri Actavis ætlar að sitja áfram, hvort sem af yfirtöku verður eður ei.

Markaðsvirði Actavis hefur sjötíuogfimmfaltast á undanförunum átta árum. Þegar Pharmaco, sem síðar fékk nafnið Actavis Group, keypti Balkanpharma árið 1999 var markaðsvirði félagsins um 3,8 milljarðar króna. Fjórum árum síðar sló félagið met í Kauphöll Íslands þegar virði þess fór yfir hundrað milljarða króna, fyrst íslenskra félaga. Eftir yfirtökutilboð Novators, fjárfestingarfélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, í síðustu viku rauk svo virði félagsins yfir 290 milljarða íslenskra króna.

Frá upphafi hefur Actavis ráðist í yfirtökur fyrir 1,9 milljarða evra, sem nemur um 164 milljörðum króna. Árleg tekjuaukning félagsins hefur að meðaltali verið 57 prósent frá því útrásin hófst. Hlutabréf þess hafa að jafnaði hækkað um fimmtíu prósent á ári hverju. Hluthafar í Actavis geta því verið hæstánægðir með ávöxtun bréfa sinna.

En nú er að öllum líkindum ávöxtunarævintýri þeirra með Actavis að ljúka. Björgólfur Thor Björgólfsson ætlar að bjóða 85,23 krónur fyrir hvern hlut í

félaginu. Skiptar skoðanir eru um ágæti tilboðsins. Sumir greinendur telja líklegt að fleiri muni blanda sér í tilboðsferlið. Hluthafar skulu því halda að sér höndum. Þeir geti fengið meira fyrir sinn snúð en nú er boðið. Aðrir telja að þeir ættu að selja. Tilboðið verði ekki hækkað.

Róbert Wessman, forstjóri Actavis, vill ekkert álit gefa um tilboð Björgólfs. Hvort sem af kaupunum verður eða ekki hyggst hann sitja áfram á forstjórastóli félagsins.

- hhs / sjá bls. 8-9

**TrackWell**  
FORÐASTÝRING

Flotaeftirlit – tækjanotkun og aksturslagsgreining

[www.trackwell.com](http://www.trackwell.com)

120 1886-2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

ISK 14,1%\*

GBP 5,7%\*

USD 6,2%\*

EUR 4,1%\*

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Peningabréf Landsbankans

**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | [landsbanki.is](http://landsbanki.is)

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluáðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útbóðslýsingar og útdráttar úr útbóðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, [landsbanki.is](http://landsbanki.is).

\* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. apríl – 30. apríl 2007.

## GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
365	0%	-25%
Actavis	10%	35%
Alfesca	2%	-3%
Atlantic Petroleum	-2%	48%
Atorka Group	13%	19%
Bakkavör	2%	11%
FL Group	-1%	14%
Glitnir	0%	16%
Hf. Eimskipafélagið	8%	17%
Kaupþing	1%	28%
Landsbankinn	1%	36%
Marel	7%	5%
Mosaic Fashions	-1%	11%
Straumur	-2%	16%
Össur	-3%	-2%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

## Jarðboranir öðlast nýja merkingu

Markaðsvirði hlutabréfa í Atorku Group hækkaði um rúma 1,8 milljarða króna í fyrradag þegar gengi hlutabréfa félagsins hækkaði um rúm átta prósent og fór yfir átta krónur á hlutinn. Virði félagsins var um 27 milljarðar króna við lokun markaða á mánudaginn. Hækkun á gengi Atorku að undanfögnu er rakin til ýmissa þátta, svo sem endurmats fjárfesta á verðmæti Jarðborana, eins helsta dótturfélags Atorku, en einnig hefur yfirtökuorðrómur verið á sveimi um nokkra hríð í kringum félagið og jafnvel dótturfélag þess.

Sérfræðingar á markaði benda

meðal annars á að vakning hafi orðið á Atorku og fjárfestingum þess og orkugeiranum en Jarðboranir er lykilfyrirtæki í framþróun í orkugeiranum á heimsvísu og að fyrirtækið sé vanmetið. Ríkið seldi nýlega fimmtán prósent hlut sinn í Hitaveitu Suðurnesja á um sextánfaldri „EBIT-DA“ (rekstrarhagnaður fyrir afskriftir).

Þegar Atorka yfirtók og afskráði Jarðboranir snemma á árinu 2006 var markaðsvirði yfirtækna félagsins um tíu milljarðar króna. Félagið var metið á 12,4 milljarða í bókum Atorku um síðustu ára-

mót. Áætlanir gera ráð fyrir að Jarðboranir skili 1.930 milljónum króna í EBITDA á árinu og hlutfall heildarvirðis með vaxtaberandi skuldum (EV) og EBITDA verði 7,8. Miðað við þær tölur sem Hitaveituhluturinn fór á, og jafnvel þótt horft væri á lægri hlutföll, má áætla að töluverð dulin verðmæti liggja í bókum Atorku í gegnum eignarhlut fyrirtækisins í Jarðborunum.

Samkvæmt upplýsingum frá Markaðsvaktinni hefur gengi Atorku hækkað um 37 prósent frá áramótum að meðtaldri arðgreiðslu.

- eþa

## Spá herra boði Alcoa í Alcan

Deutsche Bank hefur hækkað verðmat sitt á kanadíska álfyrirtækinu Alcan, móðurfélagi álversins í Straumsvík. Í matinu er gengið metið á 90 dali á hlut, 28 dala hækkan frá fyrra mati.

Alcoa, sem meðal annars rekur álver á Reyðarfirði, gerði fjandsamlegt yfirtöktilboð í Alcan í síðustu viku upp á sem nemur 2.100 milljörðum króna. Deutsche Bank segir hluthafa Alcan svara tilboði Alcoa í næstu viku. Líkur séu á að stjórn fyrirtækisins telji hluthöfum trú um að halda að sér höndum.

- jab

## Greiðir 60 milljónir í vexti á mánuði

Vaxtabyrði 365 lækkar um 20 milljónir á mánuði.

Eitt af forgangsmálum stjórnenda 365 hefur verið að losa um eignir sem tengjast ekki kjarna-starfsemi til að lækka vaxtaberandi skuldir félagsins. Fram kom á kynningarfundum fyrir helgi að 365 greiðir um sextíu milljónir króna á mánuði í vexti.

Skuldir félagsins munu lækka um 1,5 milljarða króna með sölu á eignarhlut 365 í Hands Holding. Með lækkun vaxtaberandi skulda og endurfjármögnun á skuldum hjá Landsbankanum lækkar vaxtabyrði um 20 milljónir króna á mánuði á ársgrundvelli að sögn Ara Edwalds, forstjóra 365. Vaxtaberandi skuldir fara niður í sjö milljarða króna. Í byrjun júlí kemur til greiðslu óhagstæður, tveggja milljarða



Í SKAFTAHLÍÐ Viðar Þorkelsson fjármálastjóri og Ari Edwald, forstjóri 365.

MARKAÐURINN/GVA

króna skuldabréfaflokkur sem ber sautján prósent vexti. Viðsnúningur varð á rekstri félagsins á fyrsta ársfjórðungi samborið við sama tímabil í fyrra. Tap varð á rekstrinum um 35 milljónir króna sem er heldur minna en greiningardeildir bankaanna spáðu.

- eþa

## Hærri verðbólguvæntingar í maí

Viðskipti á skuldabréfamarkaði námu 36 milljörðum króna í síðustu viku og hafa þau ekki verið meiri síðan í byrjun apríl. Greiningardeild Glitnis segir skýringuna liggja í sterkum viðbrögðum við birtingu vísitölu neyslusverðs á föstudag.

Vísitalan hækkaði um 0,86 prósent á milli mánaða í maí en það var nokkuð umfram spár greiningardeilda bankanna. Þetta olli töluverðri lækkun á kröfu íbúðabréfa við opnun markaðar, sem þó gekk til baka eftir því sem leið á daginn. Á sama tíma hækkaði ávöxtunarkrafa ríkisbréfa og hélst daginn á enda.

Greiningardeild Glitnis segir að af þessu megi álykta að verðbólguvæntingar hafi hækkað lítillega á milli mánaða. Bendi hækkan óverðtryggað vaxtaferilsins til að fjárfestar telji stýrivexti verða áfram háa og að vaxtalækkunarferlið hefjist síðar en áður hafi verið talið.

Segir deildin líkur á að frumundan séu rólegar vikur á skuldabréfamarkaði og geti ástandið varað fram á haust. Þá er gert ráð fyrir að ávöxtunarkrafa íbúðabréfa muni hækka lítillega frá því sem nú er og telur greiningardeildin því kaupþækifæri í íbúðabréfum til lengri tíma litið.

- jab

## Óbreyttir stýrivextir taldir langlíklegastir

Greiningardeildir bankanna gera ráð fyrir að stýrivextir verði áfram 14,25 prósent. Verðbólga hefur reynst þrálátari en gert var ráð fyrir og langvarandi hátt vaxtastig ekki útilokað.

Óli Kristján Ármannsson  
skrifari

Verðbólga hefur reynst þrálát í hagkerfinu og af þeim sökum er samdóma álit greiningardeilda bankanna að Seðlabanki Íslands haldi stýrivöxtum óbreyttum í 14,25 prósentum á vaxtaákvörðunardegi sínum í dag.

Þá eru óbreyttir vextir í samræmi við spá Seðlabankans sjálfs eins og hún birtist í Peningamálum, efnahagsriti bankans, við síðustu vaxtaákvörðun í lok mars. Seðlabankinn tók þá upp nýja stefnu í birtingu hagspáa og kynnti þann stýrivaxtaferil sem bankinn taldi líklegastan. Bankinn gerði þá ráð fyrir því að ekki þyrfti að hækka stýrivexti frekar, en að vaxtalækkunarferli myndi ekki hefjast fyrr en á fjórða ársfjórðungi þessa árs.

Greiningardeildir hafa hins vegar talið að vaxtalækkunarferlið gæti mögulega hafist fyrr, en eins og greiningardeild Glitnis bendir á hefur verðbólguþróunin verið í aðra átt. „Húsnæðismarkaður er mjög líflegur þessa dagana, ekki síst vegna betra aðgengis almennings að lánsfé sem nú er í auknum mæli tengt erlendri mynt á tiltölulega lágum vöxtum. Auk heldur er atvinnuleysi enn afar lágt og laun hafa hækkað talsvert hratt undanfarið. Innlendir kostnaðarþrýstingur er því töluverður og virðist vera að brjótast út í verði vöru og þjónustu um þessar mundir. Ef verðbólga reynist umtalsverð í næsta mánuði og umsvif verða áfram veruleg á íbúðamarkaði kann svo að fara að næstu Peningamál, sem út koma í júlíbyrjun, teikni öllu dekkri mynd af verðbólguþróun en þá sem dregin var upp í mars,“ segir í nýrri úttekt bankans og því ekki talið útilokað að vextir haldist hér háir lengur en gert hafi verið ráð fyrir til þessa.

Greiningardeild Kaupþings tekur í sama streng og segir ljóst að talverður verðbólguþrýstingur sé í hagkerfinu um þessar mundir. „Að mati Greining-



Á FUNDI Í SEÐLABANKANUM Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, kynnti í síðasta mánuði nýja skýrslu um fjármálastöðugleika hér á landi. Í dag tilkynnir bankinn um stýrivaxtaákvörðun sína.

MARKAÐURINN/ANTON

ardeildar á Seðlabankinn enn langt í land með að ná tökum á verðbólgunni og harla ólíklegt að verðbólgu markmið náist á árinu. Greiningardeild gerir ráð fyrir að áfram muni draga úr 12 mánaða verðbólgu á næstu mánuðum en að verðbólgan haldist yfir markmiði fram til ársins 2008. Óvissuþættir eru þó margir og virðast flestir vera upp á við eins og staðan er í dag,“ segir Kaupþing og gerir ráð fyrir „hörðum tóni“ úr Seðlabankanum í dag.

Greiningardeild Landsbankans telur einnig að Seðlabankinn standi við lækkunarferilinn sem hann birti í Peningamálum og að stýrivextir lækki ekki fyrr en í nóvember og verði 13,75 prósent um áramótin. Spá greiningardeildarinnar nú er seinkun frá fyrri spá um stýrivaxtalækkun. Í nýju sérriiti um stýrivaxtaspa er þannig talið ósennilegt að vextir verði lækkaðir í byrjun september og bent á að í september séu yfir 80 milljarðar króna jöklabréfa á gjaldddaga og því hætta á að krónan veikist ef vaxtamunur minnki hratt. „Horfur á áframhaldandi viðskiptahalla á næstu árum setja einnig þrýsting á krónuna til veikingar til lengri tíma litið og þess vegna mun Seðlabankinn ekki flýta sér um of við vaxtalækkanir,“ segir greiningardeild Landsbankans.

settu merking hátt  
sími 551 0275

**SILKIPRENT**

# Öflugir, sveigjanlegir, stækkanlegir Ný kynslóð netþjóna frá Dell



## Láttu fyrirtækið vaxa – ekki kostnaðinn



### Ný kynslóð PowerEdge netþjóna frá Dell

#### Einföldun

- Netþjónar í okkar nýju vörulínu geta allir nýtt sér sama *System image*<sup>1</sup> og þannig einfaldað uppsetningar, umsjón og viðhald.

#### Hámarks uppitími

- Dell hannar, framleiðir og prófar hvern netþjón fyrir afhendingu og eykur með því gæði, dregur úr bilunum og einfaldar uppsetningavinnu.

#### Aukin afköst

- Allt að 152% afkastaaugning með nýjasta Intel® Xeon® örgjörvanum.<sup>2</sup>

#### Dell™ PowerEdge™ 2950

Netþjónn með nýjustu kynslóð örgjörva. Fullkomið jafnvægi milli afkasta, áreiðan- og sveigjanleika fyrir stækkandi þjónustur s.s.

- Vefþjónustur
- Póstþjónustur
- Gagnagrunnsþjónustur
- Skráar- / Prentþjónustur

Dual-Core Intel® Xeon® 5110 örgjörvar  
(1,6GHz, 4MB Cache, 1066MHz FSB)

4GB FBD vinnsluminni

2x 146GB SAS diskar

Tveir straumgjafar

3 ára ábyrgð

## 349.900 kr.

m.vsk.

**EJS er umboðsaðili Dell á Íslandi. Komdu til okkar á Grensásveg 10, Reykjavík eða Tryggvabraut 10 á Akureyri og við finnum réttu lausnina fyrir þig.**



1) PowerEdge 1950, 2950 og 2900 geta allir nýtt sér sama System Image. 2) Byggir á SPECjbb2005 hraðaprófum, gerðum á tilknaustofum Dell í desember 2005. ©2006 Dell Computer Corporation. Þessi auglýsing er með fyrirvara um birgðastöðu, verð og prentvillur. Verð einstakra hluta gildir aðeins þegar varan er keypt í auglýstu pakktilboði. Dell, Dell vörumerkið og PowerEdge eru annað hvort vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Dell Computer Corporation, Celeron, Celeron inside, Centrino, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Xeon og Xeon Inside eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjunum og öðrum löndum. Önnur nöfn og vörumerki geta verið í eigu annara. Microsoft® og Windows® eru skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Dell gerir ekki tilkall til vörumerka annara. Ákveðinn Microsoft® hugbúnaður meðfylgjandi þessari tölvu getur notað afritunarvarnartækni.

Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota hugbúnaðinn nema hugbúnaðurinn sé sérstaklega virkjaður af notanda. Virkjun hugbúnaðarins og notkunarskilmálar Microsoft eru skýrð við fyrstu ræðingu hugbúnaðarins eða við endurinnsetningu eða ákveðnar breytingar sem gerðar eru á stillingum tölvunnar. Virkjun er hægt að framkvæma yfir internetið eða með því að hringja í þjónustunúmer Microsoft, 510 6920.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

## HUGTAK VIKUNNAR

**SKULDATRYGGINGARÁLAG** nefnist á ensku CDS-spread og er það álag sem lagt er ofan á hefðbundna vaxtaþrósentu sem bankar nota þegar þeir lána hver öðrum peninga. Álagið er alla jafna mælt í punktum ofan á LIBOR-vexti, en skammtöf-unin stendur fyrir London Interbank Offered Rate. Millibankavextir eru til á öllum millibankamörkuðum og bera keimlíkar skammtastafanir. Vextir á millibankamarkaði hér nefnist REIBOR og draga heiti sitt af nafni höfuðborgarinnar.



## Útflutningur sjávarafurða minnkar

Verðmæti útflutningsframleiðslu sjávarafurða nam 123,6 milljörðum króna á síðasta ári, samkvæmt nýútkomnum Hagstóðindum Hagstofunnar. Inni í tölunum er allur útflutningur sjávarafurða og birgðabreytingar. Þetta er 10,1 prósent aukning frá árinu á undan.

Sé útflutningsframleiðslan hins vegar metin á föstu verði jafngildir þetta samdrætti upp á 6,9 prósent. Þetta er töluvert meiri samdráttur en gert var ráð fyrir í vorskýrslu fjármálaráðuneytis í síðasta mánuði en þar var gert ráð fyrir samdrætti upp



**FISKI LANDAÐ** Verðmæti útflutningsframleiðslu sjávarafurða dróst meira saman í fyrra en áætlanir fjármálaráðuneytis gerðu ráð fyrir.

MARKAÐURINN/GVA

á 4,7 prósent.

Greiningardeild Landsbankans bendir á að útflutningur og útflutningsframleiðsla sjávarafurða séu lykilstærðir þegar komi að því að meta verga landsframleiðslu en sjávarafurðir eru

rúmur helmingur af heildar vöruútflutningi. Deildin bendir þó á að hlutdeild sjávarafurða af heildarverðmæti vöruútflutnings landsins hafi minnkað mikið og farið úr 73,7 prósentum niður í 51,1 prósent á síðustu tíu árum. - jab

## Mikill vöxtur hjá Anza

Anza, dótturfélag Símans, skilaði sjöttíu milljóna króna hagnaði á fyrsta ársfjórðungi. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBIT-DA) nam 144 milljónum króna.

Velta félagsins sexfaldaðist milli ára sem að stórum hluta má þakka dótturfélaginu Sirius IT sem Anza stofnaði í kjölfar kaupa á hluta af starfsemi TietoEnator á Norðurlöndum. Tekjur voru 1.560 milljónir króna og koma 84 prósent þeirra erlendis frá.

Verkefnastaða fyrir árið er góð en um 480 manns starfa hjá öllu fyrirtækinu. - eþa

## Spánverjar stöðva verðhækkunir

Ríkisstjórn Spánar hefur samþykkt lög sem setur umsvifamiklum fasteigna- og jarðakaupendum talsverðar skorður. Með lögnum er horft til þess að setja spákaupmönnum stólinn fyrir dyrnar en kaup þeirra þykja hafa átt stóran þátt í að hækka verð fasteigna á Spáni um rúm 150 prósent á síðastliðnum tíu árum.

Í lögnum, sem taka gildi 1. júlí næstkomandi, er meðal annars kveðið á um skrásetningu allra þeirra sem átt hafa lóðir á Spáni síðastliðin fimm ár. Enginn er undanskilinn lögnum því bæði bæjarfélög og verktafyrirtæki á Spáni þurfa að reiða fram gögn um eignir sínar.

Breska ríkisútvarpið hefur eftir Jose Luis Rodriguez Zapatero, forsætisráðherra Spánar, að með lagasetningunni sé horft til



**BÆJARSTJÓRI TEKINN FYRIR BRASK** Ríkisstjórn Spánar hefur sett lög til að koma í veg fyrir að braskarar valdi verðhækkunum á lóðum og fasteignum. Tugir manna hefur verið handtekinn vegna brasks. Á myndinni sést fyrrum bæjarstjóri Marbella handtekinn í fyrra fyrir ólögmeta sölu á fasteignum bæjarins.

MARKAÐURINN/AFÞ

þess að hindra aðkomu spákaupmanna og illa þokkaðra bæjarstarfsmanna á fasteigna- og lóðamarkaði, sem hafi braskað með eignir á bak við tjöldin. Þá vonast hann til þess að draga megi úr þeirri sprengingu sem hafi verið á húsnæðismarkaði síðastliðin átíu. - jab

## Ósætti um verðið

Snurða er sögð hafa hlaupið á þráðinn í yfirtökuviðræðum Landsbankans á breska verðbréfamiðlaranum Bridgewell Group en stefnt var að því að undirrita kaupsamninga í vikunni. Breska blaðið Financial Times segir þróskuldinn vera verðmiðann á fyrirtækinu sem hleypur á 128 til 133 pennum á hlut. Þetta þýðir að kaupverðið nemi á bilinu 6,5 til 6,8 milljörðum íslenskra króna.

Sigurjón Þ. Árnason, banka-



stjóri Landsbankans, vildi ekki tjá sig um málið í gær.

Bridgewell var sett í söluferli í mars og vonuðust stjórnendur þess til að fá 140 pens á hlut, en það var gengi félagsins á fyrsta viðskiptadegi þess eftir skráningu á Aim-markaðinn í bresku kauphöllinni í júní í fyrra. Fyrirtækið hefur átt við rekstrarvanda að stríða síðan þá og var afkoma félagsins í fyrra undir væntingum.

Gengi Bridgewell hefur sveiflast nokkuð og stóð í 130 pennum á hlut við lokun markaðarins í Bretlandi á föstudag. - jab

**LANDSBANKINN** Breskir fjölmiðlar segja Landsbankann og breska verðbréfamiðlarans Bridgewell Group hafa stefnt að því að undirrita kaupsamninga í vikunni. Verðmiðinn er sagður helsti þróskuldurinn.

MARKAÐURINN/HAR

## Verð fasteigna hækkar enn þótt brátt hægi á

Forstöðumaður greiningardeildar Glitnis spáir því að draga muni úr hækkunum á fasteignaverði á næstu mánuðum. Meðalupphæð samnings er 2,5 milljónum hærri en í fyrra.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
skrifar

Velta á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu jókst nokkuð á milli vikna í síðustu viku og virðist lítið lát á. Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Glitnis, segir aukinn kaupmátt almennings og gott aðgengi að lánsfé eiga stóran hlut að máli. Hann segir mikið líf á markaðnum en ítrekar spá greiningardeildarinnar að draga muni úr verðhækkunum á næstu mánuðum.

Velta á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu nam 8.085 milljónum króna í síðustu viku, samkvæmt nýbirtum tölum frá Fasteignamatí ríkisins. Þetta er 2.925 milljóna króna hækkun á milli vikna. Veltan sveiflast eðlilega nokkuð en á svipuðum tíma í fyrra nam veltan 6.220 milljónum króna. Meðalupphæð kaupsamnings hefur á sama skapi hækkað jafnt og þétt í gegnum árin en í síðustu viku nam hún 35,9 milljónum króna samanborið við 33,4 milljónir á sama tíma í fyrra.

Líkt og fyrri vikur var langflestum kaupsamningum þinglýst á höfuðborgarsvæðinu en fæstum á Seltjarnarnesi.

„Það er mjög mikið líf á markaðnum,“ segir Ingólfur Bender, og vísar til að þetta eigi við um landið allt líkt og útreikningar Hagstofunnar í síðustu viku bentu til. Ingólfur segir að gert hafi verið ráð fyrir að hægja myndi á markaðnum, sérstaklega vegna mikils framboðs á nýbyggingum sem myndi draga úr verðhækkunum í ár. „Aðrir kraftar eru sterkari,“ segir hann og bætir því við að verðhækkunir á fasteignum haldist í hendur við kaupmáttaraukningu landsmanna. „Á meðan hann vex jafn hratt og hann hefur gert á sama tíma og menn geta auðveldlega fjármagnað það sem upp á vantar með lánsfé þá er ekkert því til fyrirstöðu að verð á fasteignum haldi áfram að hækka,“ segir hann.

Greiningardeild Glitnis hefur spáð því að draga



**INGÓLFUR BENDER** Forstöðumaður greiningardeildar Glitnis segir að aukinn kaupmáttur samhlíða góðu aðgengi að lánsfé hafi leitt til verðhækkana á fasteignamarkaði upp á síðkastið. Hann gerir ráð fyrir að draga muni úr hækkunum á næstu mánuðum.

MARKAÐURINN/GVA

muni úr kaupmáttarvextinum eftir því sem líður á árið og gerir hún ráð fyrir að verðhækkunir verði ekki jafn miklar og undanfarin misseri. „Við spáum því enn að hægja muni á verðhækkunum á fasteignamarkaði á næstu mánuðum,“ segir Ingólfur og bætir við að þetta sé í samræmi við ganginn í efnahagslífinu nú þegar hillir undir lok stóriðjuframkvæmda. En það þarf ekki að þýða að veltan á fasteignamarkaði minnki. „Það er vel hægt að hafa mikla veltu þótt litlar verðhækkunir verði,“ segir hann og bendir á að staðni fasteignaverð séu fyrst líkur á að menn haldi að sér höndum. „Þá myndum við sjá veltuna falla á sama tíma og fasteignaverði stendur í stað,“ segir Ingólfur Bender.



2 réttir í hádegínu á 2.200 kr.  
3 réttir á 2.700 kr.

Forréttur  
Hörpuskel og tigrisrækja með blómáli, blóðappelsínu og wasabi

Aðalréttur  
Steiktur hlýri með parmesan, saffran og humarfröðu

Eftirréttur  
Guanaja súkkulaðimús með tonkapipar, mangó og appelsínu

Traveler

Condé Nast Hotlist 2007  
Eini staðurinn í Skandinavíu  
sem komst á listann

silfur

New Style Restaurant / Pósthússtræti 11 / 578 2008 / www.silfur.is

# ICEBANK



## FRUMKVÆÐI

Samstarf okkar við viðskiptavini snýst um að ná árangri.  
Í þeirri vinnu sýnum við frumkvæði, áræði, snerpu og traust.  
Við erum Icebank.

Icebank er viðskiptabanki sem leggur áherslu á heildsölu- og fjárfestingarbankastarfsemi fyrir innlend sem erlend fjármálafyrirtæki, fagfjárfesta og aðra stærri aðila.



[www.icebank.is](http://www.icebank.is)

# Víxlverkun Kína og Bandaríkjanna nærir hagkerfi heimsins

Dr. Pedro Videla prófessor við Roosevelt University í Chicago í Bandaríkjunum fjallaði um þróun efnahagsmála heimsins til lengri tíma litið og las í stefnu fjármálamarkaða og gjaldmiðla á ráðstefnu sem Kaupþing og Háskólinn í Reykjavík stóðu fyrir síðasta föstudag. Óli Kristján Ármannsson sat fyrirlesturinn þar sem fram kom að framtíðarstöðugleiki heimshagkerfisins væri mikið til undir Kínverjum kominn.

Um nokkurt skeið hafa horfur í efnahagsbúskap heimsins verið hagstæðar Íslendingum. Er þar hægt að horfa til lágra heimsvaxta, hækkunar hlutabréfa og fasteigna á heimsvísu, til viðskiptahalla í Bandaríkjunum, viðskiptaafgangs í Asíu, hækkunar á hrávörumörkuðum og lækkunar á verði iðnaðarvöru. Á ráðstefnu Kaupþings fyrir helgi var velt upp þeirri spurningu hvort þessi staða gæti fallið undir skilgreininguna á stöðugleika og eins hvert efnahagur heimsins stefndi. Fram kom að ekki væri hægt að gera ráð fyrir viðlíka uppgangi í heimshagkerfinu og síðustu fjögur ár þótt áfram væru horfur nokkuð góðar.

Til að svara spurningunni var kallaður til Dr. Pedro Videla, en hann er prófessor í hagfræði við Roosevelt University í Chicago í Bandaríkjunum og við Universidad Adolfo Ibáñez í Chile. Hann kennir einnig við IESE-viðskiptaskólann í Barcelona á Spáni og er hingað kominn á vegum MBA-náms Háskólans í Reykjavík. Videla er með doktorspróf í hagfræði frá Chicago-háskóla með áherslu á þjóðhagfræði, alþjóðahagfræði og nýmarkaðsríki. Auk kennslu og rannsókna stundar hann margvísleg ráðgjafarstörf, hefur komið að verkefnum fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF), Alþjóðabankana og fleiri, ásamt því sem hann er eftirsóttur fyrirlesari á alþjóðavettvangi. Vinsældir hans bæði sem kennara og fyrirlesara felast ef til vill ekki síst í hæfileika hans til að setja á skýran og einfaldan hátt fram jafnflók- ið viðfangsefni og alþjóðahagfræði. Hann sló reyndar þann varnagla strax í upphafi fyrirlesturs síns að hann væri í þann mund að draga upp mjög einfaldaða mynd af þeim öflum sem áhrif hefðu á hagkerfi heimsins.

## VÍXLVERKAN KÍNA OG BANDARÍKJANNA

Árin 2004 til 2006 eru eitthvað mesta góðæriskeið sem heimshagkerfið hefur gengið í gegn um síðastliðna þrjú áratugi, allt frá árinu 1973 þegar almennt var tekið upp fljótandi gengi gjaldmiðla gagnvart Bandaríkjadala og gullfótur aflagður, að sögn Pedros Videla. Hann segir viðlíka vöxt aldrei hafa áður sést síðan hafin var gagnöflun frá öllum heimshornum.



DR. PEDRO VIDELA Prófessor Videla þykir lífandi og skemmtilegur fyrirlesari sem kryddar greiningu sína á ástandi mála gjarnan með skemmtisögum og útdrúðum sem ekki verður komið fyrir í endursögnum blaða. MARKAÐURINN/GVA

„Eftir seinni heimsstyrjöldina kom mikið vaxtartímabil, en við höfum ekki gögn til að byggja á frá öllum löndum frá þeim tíma.“

„Hagvöxtur hefur verið gríðarlegur í heiminum síðustu ár, en af hverju er það svo?“ spurði hann í þéttsetnum ráðstefnusal á Hótel Sögu og svaraði sjálfur með því að drifvélur hagsveiflunnar í heiminum séu tvær. „Þessi mynd skýrist þegar horft er á hvaða lönd leggja mest af mörkum til hagvaxtar í heiminum. Önnur er Bandaríkin og hin er Kína,“ segir hann, en bendir um leið á að þótt hlutur Evrópu hafi ekki verið stór í þessu fari sá hlutur vaxandi. „Vöxtur Kína og Bandaríkjanna er hins vegar tengdur. Kína vex nefnilega með útflutningi varnings. Og hvert flytur Kína út megnið af sínum vörum? Til Bandaríkjanna!“ Þannig segir Videla að Bandaríkjamenn sendi peninga til Kína, sem svo láni

Bandaríkjunum peninga, til þess að þeir geti haldið áfram að kaupa. „Og þetta er fremur varasöm hringrás,“ bætir hann við og bendir á að hagvöxtur í Bandaríkjunum sé mestanpart neysludrifinn. „Neysla heimilanna er á bak við 70 prósent hagvaxtar þar í landi. Þannig að haldi Amerikanar ekki áfram neysluháttum sínum er vandi á ferðum því að Bandaríkin standa að baki þrjátíu prósentum hagvaxtar í heiminum.“ Af þessu segir Videla leiða að bandarísk heimili standi undir fimmtungi hagvaxtar í heiminum.

Evrusvæðið segir Pedro Videla svo að sé í hægu bataferli með vaxandi hagvexti, en Japanir reyni í óða önn „munn við munn aðferðina“ til að blása lífi í eigið hagkerfi. Þar hafi stýrivextir verið settir í núll án þess að það hefði nokkur áhrif. „Síðan er gífurlegur vöxtur í nýjum hagkerfum svo sem í Indlandi og Kína. Í Kína er vöxturinn yfir 10 prósent, þótt þeir haldi því fram að vöxturinn sé bara ríflega níu prósent, en við vitum ekki hversu vel er hægt að halda þeim vexti við.“

Videla segir að enn njóti í heiminum áhrifa af aðgerðum sem gripið var til í kjölfar niðursveiflunnar í heimshagkerfinu árið 2001 þegar netbólán sprakk. Gífurlegar fjárhæðir hafi gúfað upp þegar hlutabréf féllu í verði og neytendur haldið að sér höndum. „Þar upplifðu menn allt annað en mjúka lendingu.“ Til þess að koma hagkerfinu af stað aftur segir Videla að stýrivextir hafi verið keyrðir niður „og fólk þar með láðað aftur inn í verslamiðstöðvarnar“. Seðlabanki Evrópu segir hann svo að hafi farið nokkurn veginn sömu leið. Í Japan, þar sem meðalaldur er hæstur í heiminum, gengu hins vegar ekki eftir aðgerðir seðlabankans þrátt fyrir niðurkeyrslu stýrivaxta. Þar hafi lífeyr-

iskerfi hrúnið og í stað þess að nota peninga stingi fólk þeim almennt undir dýnuna hjá sér og vantroysti fjármálastofnunum. „Hins vegar er gífurlegt magn af peningum í umferð í heiminum og einhver kynni að spyrja þeirrar spurningar af hverju verðbólga sé ekki meiri. Hún er hins vegar til staðar þótt varningur hafi ekki hækkað í verði. Þetta er spurning um hvar maður mælir því eignaverð hefur rakið upp.“

## MJÚK LENDING Í SPILUNUM

Núna segir Pedro Videla að sjá megi merki um kólnun í hagkerfi heimsins. „Við erum í aðlögunarferli, í tímabili mjúkrar lendingar. Fram til þessa hafa mjúkar lendingar gengið eftir vegna þess að þótt neysla dragist saman í Bandaríkjunum er samdrátturinn ekki slíkur að hann hafi kreppuáhrif.“ Videla bendir einnig á að eftir kreppuna 2001 í kjölfar netbólunnar og hryðjuverkaárásanna 11. september hafi einnig verið gripið til annarra ráða en lækkunar stýrivaxta í Bandaríkjunum því skattar hafi verið lækkaðir stórlega. „Þar er hins vegar komin helsta ástæðan fyrir viðskiptahalla Bandaríkjanna,“ segir hann og bætir við að kostnaður vegna stríðsreksturs Bandaríkjanna vegi ekki nærri jafnþungt. „Árið 2006 nam viðskiptahalli Bandaríkjanna 805 milljörðum Bandaríkjadala. Önnur lönd heimsins, það er að segja þau sem ekki glíma sjálf við viðskiptahalla, Asíuríkin og olíuframleiðsluríkin lána Bandaríkjunum þrjú milljarða Bandaríkjadala á degi hverjum. Allt til þess að bandarískir neytendur geti haldið áfram að kaupa.“ Hann segir vandann endurspeglast í hversu lengi hægt verði að viðhalda þessari hringrás því „hagkerfi heimsins fljúgi á einum hreyfli. Hreyfillinn er Bandaríkin og hann er fjármagnaður af Kína.“

Lausnina á þessum vanda segir Videla hins vegar liggja í umskiptum í neysluegðun heimsins, sem forðað geti heimskreppu ef illa fer í Bandaríkjunum. „Ef Bandaríkjamenn draga úr neyslu sinni standa vonir til að Kínverjar og Indverjar taki við sér.“ Annan vanda segir hann þó felast í því hversu Kína og Indland hafa sankað að sér Bandaríkjadölum því ákveði löndin að færa sig frá dollaranum komi hann til með að veikjast gífurlega og það hafi áhrif um heim allan um leið og seðlabanki Bandaríkjanna reyni að verja gengið með því að keyra upp vexti.

Videla segir hins vegar að í nánustu framtíð sé fyrirséður áframhaldandi vöxtur þótt hann hægi á sér og verði mismikill á milli landa. „Húsnæðisverðbólga er að hjaðna án þess að bresta og vaxandi viðskiptahalli í Bandaríkjunum á sjálfsagt eftir að hafa einhver áhrif á gengi dalsins, en erfitt er þar um að spá. Nákvæmasta spáin er sjálfsagt að gengi dollars eigi eftir að sveiflast,“ segir hann kankvís. „En þessi spá um mjúka lendingu gerir hins vegar ekki ráð fyrir neinum áföllum á borð við hryðjuverkaárásir, eða miklar hækkunar á olíuverði eða öðru slíku. Enn er bjart framundan, en þó ekki jafnbjart og var árið 2006. Síðustu þrjú ár hafa verið



RÁÐSTEFNUGESTIR Á HÓTEL SÖGU Nokkur fjöldi fólks sótti morgunverðarráðstefnu Kaupþings síðasta föstudag sem haldin var undir yfirskriftinni „Horfur í heiminum“. MARKAÐURINN/GVA



Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

# Vélaviðgerðir

A góðum jámum



HÉÐINN

Stórá 6 • IS-210 Garðabæ  
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is



Himinn og haf / SIA - 9070424

## Stundum ertu of nálægt til að sjá heildarmyndina

ParX er þrautreynt ráðgjafar- og rannsóknarfyrirtæki sem hefur á að skipa á þriðja tug ráðgjafa með sérfræðimenntun á ýmsum sviðum og víótæka reynslu úr atvinnulífinu. Ráðgjafar ParX greina aðstæður frá ýmsum sjónarhornum og veita ráðgjöf á sviði fjármála, stjórnunar, stjórnsýslu, markaðsmála, mannauðs og upplýsingatækni. Okkar markmið er að miðla dýrmætri sérfræðipækkingu og skilja eftir skarpari sýn.

**ParX**

Viðskiptaráðgjöf IBM

ParX viðskiptaráðgjöf IBM | Borgartúni 37  
105 Reykjavík | [www.parx.is](http://www.parx.is) | S: 580-4300

-annað sjónarhorn

# Framhald *Actavissögu*

Novator, fjárfestingarfélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, lagði í síðustu viku fram yfirtökutilboð í allt hlutfé Actavis á gæti tilboðsins. Hólmfríður Helga Sigurðardóttir komst að raun um að sumir sérfræðingar ráðleggja hluthöfum að berist. Aðrir telja ólíklegt að boðið verði á móti Novator. Til að geta afskráð félagið þarf Novator samþykki 2/3 hluthöfum.

Skiptar skoðanir eru um hvort yfirtökutilboðið sem Novator, fjárfestingarfélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, hyggst leggja fram í Actavis sé sanngjarnt.

Tilboðið mun hljóða upp á 0,98 evrur á hlut sem samsvarar 85,23 krónum. Samkvæmt því er Actavis metið á um 287 milljarða íslenskra króna. Novator og félög því tengd eiga þegar 38,5 prósent hlut í Actavis. Kaupverð á öðrum hlutum í félaginu myndu því nema um 176 milljörðum króna.

## SUMIR TELJA TILBOÐIÐ OF LÁGT

Greining Glitnis mælir ekki með að hluthafar samþykki tilboðið. Það sé nálægt því verði sem hún telji endurspeglar rekstrarvirði félagsins og sé út af fyrir sig sanngjarnt. Hins vegar sé það lágt miðað við þá verðmargfaldara sem notaðir hafa verið í undanförunum yfirtökum, meðal annars í yfirtökunni á Merck.

Jónas Gauti Friðbjólfsson, sérfræðingur hjá Greiningu Glitnis, gerir ráð fyrir því að aðrir fjárfestar eða lyfjafyrirtæki komi að tilboðsferlinu áður en yfir lýkur, hvort sem það verði uppi á yfirborðinu eða ekki. Það yrði þó alltaf að vera í einhvers konar samráði við Novator. Hann telur næsta skref að biða álit þess óháða matsaðila sem nú skoðar tilboð Novators fyrir hönd stjórnar Actavis. „Ef matið er hærra en 85,23 krónur á hlut mun Novator að líkindum jafna það. Ef matsaðillinn telur tilboðið sanngjarnt kynnu aðrir að sjá sér leik á borði og bjóða hærra. Ég tel ekki ólíklegt að Novator endi með að koma með bindandi lokatilboð upp á um 90 krónur á hlut fyrir félagið ef það er enginn utanaðkomandi aðili að keppa við hann. Upphafstilboðið var eins konar verðhugmynd en þróunin á markaðnum virðist endurspeglar að fjárfestar vænti hærra verðs.“

Greiningardeild bandaríska fjárfestingabankans Merrill Lynch sendi einnig frá sér álit með svipuðum áherslum. Þar kom fram að auðveldlega mætti réttlæta tilboð í Actavis upp á hundrad krónur á hlut.

## AÐRIR TELJA TILBOÐIÐ SANNGJARNT

Greiningardeild Kaupþings bendir á að þegar kaupverðið á Actavis sé metið skipti tvennt máli. Skoða þurfi líkurnar á að Actavis nái að hækka verðgildi sitt með yfirtökum og innri vexti eða hvort félagið geti sjálf orðið öðru lyfjafyrirtæki að bráð með yfirtöku í nánustu framtíð.

Haraldur Yngvi Pétursson, sérfræðingur í greiningardeild Kaupþings, segir tilboð Novators í lægra lagi miðað við það sem búast hefði mátt við ef yfirtökutilboð í Actavis bærast á annað borð. Hann telur hins vegar ólíklegt að annar aðili muni blanda sér í tilboðsferlið og bjóða hærra

verð en Novator. Hann ráðleggur því hluthöfum í Actavis að taka tilboðinu. Björgólfur Thor hefur sjálfur gefið út að hann muni ekki selja hlut sinn í Actavis, berist annað yfirtökutilboð í félagið. „Að mínu mati er mjög ólíklegt að einhver bjóði á móti Novator því ef Björgólfur ætla ekki að selja, þá þýðir ekkert að bjóða. Ég myndi halda að þetta væri lokaboð.“

Fjárfestingabankinn Cazenova telur tilboðið einnig sanngjarnt. Sérstaklega í ljósi þess að þau lyfjafyrirtæki sem líklegust væru til að hafa áhuga á Actavis, eins og Teva, Mylan og Barr, beina sjónum sínum annað um þessar mundir.

## HLUTHÖFUM EKKI SKYLT AÐ SELJA

Hluthöfum í Actavis ber engin skylda til að samþykkja tilboð Novators, jafnvel þótt félagið verði skráð af markaði. Það er ekki fyrr enn hluthafi hefur náð níutíu prósent hlut í félagi sem hann getur krafði aðra hluthafa um að selja sér hlut sinn. Að sama skapi geta hluthafar krafði hann um að kaupa sinn hlut.


Taki stjórn Actavis ákvörðun um að styðja tilboð Novators þarf samþykki hluthafafundar til að afskrá félagið. Í samþykktum Actavis kemur fram að kalla þurfi til hluthafafundar með viku fyrirvara. 2/3 hlutar þeirra sem mæta á fundinn þurfa að samþykkja þær tillögur sem fyrir hann eru lagðar. Út frá því má leiða líkur að því að það hlutfall verði lægra þegar litið er á allan hluthafahópinn. Aldrei er hundrad prósent mæting á hluthafafundi. Mjög gott gæti talist ef níutíu prósent hluthafa mættu, sem verður líklega í stóru máli sem þessu. Þá er Actavis sjálft eigandi fimm prósent útgefina bréfa.

Stjórn Kauphallar Íslands hefur þessu til viðbótar heimild til að fresta afskráningu félagsins um allt að því eitt ár. Tilgangurinn með því ákvæði er að vernda minni hluthafa. Það gæti gerst í því tilfelli ef Novator næði til að mynda einungis samþykki sjötíu prósent hluthafa. Þrjátíu prósent hluthafa væru þá læstir inni með bréf sín ef félagið yrði afskráð. Kauphöll Íslands hefur þó aðeins einu sinni gripið til þeirra ráða.

## SKILYRÐANNA AÐ VÆNTA Í NÆSTU VIKU

Tilboð Novators var um níu prósentum hærra en lokagengi Actavis í Kauphöll Íslands daginn áður en það var lagt fram. Slíkt verð hefur aldrei verið greitt fyrir hlutabréf í félaginu og það er 21 prósent yfir meðalgengi síðustu sex mánaða.

Bréfin hækkuðu hins vegar um nærri tólf prósent í kjölfar tilkynningarinnar. Gengi bréfanna við lokun markaðar sama dag var 87,50 krónur og því hærra en yfirtökutilboð Novators. Eftir helgina lækkaði gengi Actavis lítillega. Það er þó enn yfir yfirtökutilboðinu.



Tilboð Novators kom fram síðastliðinn fimmtudag. Félagið hefur sjö til tíu virka daga til að skila inn bindandi tilboði. Þess er því að vænta í þessari eða næstu viku. Líklegt þykir að það skilyrði verði sett að fleiri en 2/3 hlutar hluthafa samþykki yfirtökuna til að tilboðið gildi.

## Sjötíuogfimmföldun markaðsvirðis á átta árum

Þegar Pharmaco keypti Balkanpharma árið 1999 var markaðsvirði félagsins um 3,8 milljarðar króna. Síðla árs 2003 fór Actavis yfir hundrad milljarða íslenskra króna, fyrst íslenskra félaga. Nú, tæpum fjórum árum síðar, er markaðsvirði félagsins rúmlega 290 milljarðar íslenskra króna. Það hefur því sjötíuogfimmfaldast á átta árum.

Ævintýralegan vöxt Actavis má rekja til sameiningar Pharmaco og Delta árið 2002. Árið 1999 hafði Pharmaco keypt búlgarska samheitalyfjafyrirtækið Balkanpharma fyrir 43 milljónir evra, í félagi við Deutsche Bank og Björgólf Thor Björgólfsson. Árið 2000 seldi Björgólfur Pharmaco sinn hluta í skiptum fyrir hluti í Pharmaco. Síðan hefur hann verið stærsti einstaki hluthafi félagsins.

Pharmaco sá um innflutning og dreifingu frumlyfja hér á landi. Sú starfsemi sem var seld árið 2002, við sameiningu Delta og Pharmaco. Delta var hins vegar samheitalyfjafyrirtæki og rak framleiðslueiningu og þróunarstarfsemi hér á

landi. Félagið hafði þegar fjárfest í markaðsfyrirtækjum í Bretlandi, Þýskalandi og Danmörku og þróunar- og framleiðslueiningu á Möltu. Í raun má því segja að gamla Delta sé undirstaða Actavis í dag. Við sameininguna tók Róbert Wessman við forstjórataumi félagsins. Hann hafði verið forstjóri Delta frá árinu 1999. Frá þeim tíma hefur Actavis tekið meira en 25 félög yfir víðs vegar um heim.

Stækkun Actavis hefur bæði farið fram með miklum innri og ytri vexti. Félagið hefur ráðist í yfirtökur fyrir 1,9 milljarða evra, sem nemur um 164 milljörðum króna. Árleg tekjuaukning félagsins hefur að meðaltali verið 57 prósent frá því útrásin hófst. Hlutabréf hafa að jafnaði hækkað um fimmtíu prósent á ári hverju. Yfirtökurnar hafa ýmist verið fjármagnaðar með sjóðstreymi undirliggjandi rekstrar, lánsfé og með nýju hlutfé. Frá því árið 1999 hefur eigið fé verið aukið um 546 milljónir evra og 1850 milljónum evra verið safnað með sambankalánum.

Á tímaásnum hér til liðar má sjá helstu tímamót í rekstri Actavis.

### FRAM AÐ 2002

Pharmaco skráð í Kauphöll Íslands árið 1997.

Pharmaco kaupir búlgarska samheitalyfjafyrirtækið Balkanpharma árið 1999. Kaupverð 43 milljónir evra. Björgólfur Thor Björgólfsson sest í stjórn Pharmaco.

Björgólfur Thor Björgólfsson verður stjórnarformaður Pharmaco árið 2000. Amber International, fjárfestingarfélag Björgólfs, orðið stærsti hluthafi félagsins.

### 2002

Pharmaco kaupir Delta fyrir 197 milljónir evra. Róbert Wessman verður forstjóri sameinaðs félags.

Pharmaco kaupir serbneska samheitalyfjafyrirtækið Zdravlje. Kaupverð 5,5 milljónir evra.

Velta ársins 215 milljónir evra.

Fjöldi starfsfólks 5.575.







# Gisting - golf - veiði

Gerum tilboð

Efri-Vík ehf 880 Kirkjubæjarklaustur  
netfang: efrivik@simnet.is • vefang: www.efrivik.is • sími: 487 4694

# landbúnaður

MIÐVIKUDAGUR 16. MAÍ 2007



Ertu að spá í atvinnutæki?

VIÐ FJÁRMÖGNUM  
ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á  
[www.gf.is](http://www.gf.is) eða hafðu samband við ráðgjafa  
okkar í síma 440 4400.

**GLITNIR**

FJÁRMÖGNUN

## Nám í umhverfis- skipulagi við Landbúnaðar- háskóla Íslands

Námið veitir undirbúning fyrir störf á teiknistofum landslagsarkitekta, skipulagsfræðinga, verkfræðinga og arkitekta, við ráðgjöf og ýmis störf á vegum opinberra aðila, meðal annars í sveitarfélögum. Námið er góð undirstaða fyrir frekara nám í skipulags- og umhverfisfræði, landslagsarkitektúr og tengdum greinum sem hafa vaxandi vægi í þjóðfélaginu.

Nánari upplýsingar er að fá á vef Lbhí – [www.lbhi.is](http://www.lbhi.is)  
Umsóknarfrestur er til 4. júní



Hvanneyri · 311 Borgarnes  
Sími 433 5000 · [www.lbhi.is](http://www.lbhi.is)



Jón segir markmið gagnagrunnsins meðal annars vera að bæta ræktun sauðfjár, auka frjósemina og framleiðni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Úr haga í maga

Ófeigur er samstarfsverkefni Bændasamtaka Íslands og Lambeyrarbúsins, sem gengur út á að koma handtölvum og örmerkingum í notkun í sauðfjárrækt á Íslandi.

„Við höfum þegar sett upp miðlægan gagnagrunn á netinu, [fjarvis.is](http://fjarvis.is), þar sem um gagnkvæman gagnaflutning verður að ræða á milli handtölvu og gagnagrunns,“ segir Jón Baldur Lorange, yfirmaður tölvudeildar Bændasamtaka Íslands. „Þetta kemur því til með að auka vinnuhagræði bænda í fjárhúsinu.“

Að sögn Jóns er verið að gera tilraunir með örmerkingar sauðfjár, sem er næsti áfangi verkefn-

isins. „Við skrasetjum upplýsingarnar í tölvurnar sem henta vel, þar sem þær eru vatnsheldar og höggþolnar. Í tölvunum eru ör- og plötumerki tengd saman með aflestri og skráningu. Markmiðið er að hægt verði að þrýsta á einn hnapp til að lesa örmerkjánúmerið af gripnum og kalla fram upplýsingar um hann. Svo verður númerið lesið þegar farið er með sauðféð í slátrun, sem eykur öryggi. Þetta er hluti heildrænnar framtíðarsýnar, kölluð „Úr haga í maga“ og kemur neytendum til góða.“

Ófeigsverkefnið er enn á tilraunstigi að sögn Jóns. „Það er til reyndu á nokkrum bæjum. Menn eru að prófa gagnaflutning og hvernig hægt sé að hafa vinnufyrirkomulagið hjá bændum sem

best. Þetta hefur gengið hingað til. Við höfum hitt alla sem taka þátt í verkefninu og erum mjög ánægðir með hversu sauðfjárþændur taka vel í nýjungar. Það sýnir bara hversu framfarasinnaðir bændur eru.“

Jón segist halda að Ófeigur sé einstakt og veit ekki til að ráðist hafi verið í sams konar verkefni á hinum Norðurlöndunum. „Ég hef ekki heyrt um að slíkt hafi verið reynt með sauðfé, líklegast af því að sauðfjárrækt er ekki eins mikil annars staðar. Hins vegar er þetta komið í aðrar búgreinar. Þetta er bara frekari sönnun þess hversu framarlega Íslendingar eru í uppbyggingu miðlægra gagnagrunna og notkunar á netinu.“

[roald@frettabladid.is](mailto:roald@frettabladid.is)

**LÉTT  
BYLGJAN**

- RÉTTU LÖGIN... ALLTAF!

Réttu  
**Vélar**  
í verkið!



**Landini®**

**Eigum til afgreiðslu strax nokkrar velútbúnar Landini dráttarvélar á sannkölluðu vorverði!**  
Hafðu samband strax í dag!

**STURLAUGUR & CO**

Fiskislóð 14 - 101 Reykjavík  
Sími 4 123 000  
[www.sturlaugur.is](http://www.sturlaugur.is)



## M125X - Ný og glæsileg 125 ha dráttarvél frá KUBOTA



### 5 strokka Kubota mótör

125 ha KUBOTA 5,8L díeselmótör með beinni innspýtingu eldsneytis. Þessi sparneytni og áreiðanlegi mótör skilar alveg ótrúlegum togkrafti og gríðarlegu afli.



### INTELLI-SHIFT skiptingin

er þrautreynd gírskipting með 8 kúplingsfríum milligírum. 2 sjálfskiptimöguleikar eru fyrir hendi og hægt að velja umfang sjálfskiptinga.




### Rafstýring beislis í sætisarmi

Beislisstýring er í sætisarmi ásamt viðbótar hnöppum fyrir kúplingsfríu milligírana. Aukin þægindi sem skila meiri afköstum.

### Krappar "hárnála-beygjur"

Ytra framhjól KUBOTA M125X snýst á nær tvöföldum hraða afturhjóllanna við 35° beygjuhorn eða þrengra. Vélin leggur meira á og rífur minna upp.



### Stórt og rúmgott

ökumannshús með góðu útsýni. Loftþúðasæti af bestu gerð, öflug miðstöð með loftkælingu og öllum stjórnbúnaði haganlega komið fyrir.



### Nákvæm stjórn

á aflúrtaks- og ökuhraða ásamt öflugri vökvakerfi gera KUBOTA M125X að einstaklega hentugri dráttarvél fyrir íslenskan lanbúnað.



Hafið samband við sölumenn okkar og fræðist nánar um japönsku KUBOTA M125X dráttarvélararnar.

**PÓR HF**  
REYKJAVÍK - AKUREYRI



Holtasóley, þjóðarblóm Íslendinga.

## Dagur hinna villtu blóma

Hinn 17. júní næstkomandi er ekki bara þjóðhátíðardagurinn heldur einnig dagur hinna villtu blóma. Þann dag gefst fólki viðs vegar um landið kostur á að fara í tveggja tíma gönguferð um nágrenni sitt án endurgjalds og fá leiðsögn um algengustu plöntur sem þar vaxa.

Þegar er búið að ákveða að gengið verður á eftirfarandi stöðum: Elliðaárdal í Reykjavík, mæting við gamla Rafveituhúsið kl. 13.00. Leiðsögumaður verður Gróa Valgerður Ingimundardóttir. Á Hvanneyri, en þar er mæting við kirkjuna á Hvanneyri kl. 10.00. Leiðsögn verður í höndum Björns Þorsteinssonar og Önnu Guðrún-

ar Þórhallsdóttur. Á Sauðárkróki er mæting ofarlega í Sauðárgili að norðan kl. 10. Þórdís V. Bragadóttir verður leiðsögumaður. Á Akureyri verður lagt af stað frá Leifsstaðabrúnum í Eyjafjarðarsveit. Mæting er kl. 10 sunnan Leiru-vegar að austan, á bílastæði við gamla Vaðlaheiðarveg rétt sunnan vegamóta Leifsstaðavegar og Eyrarlands. Leiðsögn er í höndum Harðar Kristinssonar.

Gengið verður á fleiri stöðum en upplýsingar um ferðir verða settar jafn óðum inn á [www.flora-lands.is](http://www.flora-lands.is). Það eru Flóruvínir sem standa fyrir degi hinna villtu blóma, og veita leiðsögn sem sjálfbóðaliðar.

-tg



Í gróðurhúsinu ræktar Guðný um 50 kíló af vínberjum árlega og býr til saft úr þeim.

## Sterkar taugar til náttúrunnar

**Að Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum hefur Guðný Valberg Andrésdóttir ræktað sinn garð í víðri merkingu þess orðs.**

„Við framleiðum landbúnaðarvörur og leitumst því við að hafa þokkalegt í kringum okkur. Það skiptir máli að hugað sé að umhverfi bændaþýla til að hin fagra náttúra fái notið sín,“ segir Guðný þegar haft er orð á snyrtimennskunni sem einkennir Þorvaldseyri. Hún segir ferðamannahópa og einstaklinga oft koma í heimsókn til að skoða búið og kynnast því starfi sem þar fari fram, sem meðal annars er mjólkurframleiðsla, nautgriparækt og kornrækt.

Guðný ólst upp í Reykjavík en kynntist bóndasyninum á Þorvaldseyri, Ólafi Eggertssyni, þegar hún vann á sumarhótelinu á Skógum sumarið 1974. Eftir nám við Kennaraskólann 1977 flutti hún austur til hans þar sem þau byggðu bæði íbúðarhús og nýtt fjós sama árið.

„Ég tók vissulega við stóru hlutverki að verða húsfreyja á óðalsþýli. Ég lærði mikið af tengdamóður minni í búhaldi og líka af frændfólkinu á Fagurhólsmýri í Öræfum þar sem ég var á sumrin sem barn og smitaðist af sveitabakteríunni,“ segir Guðný broandi. Segir hógværdargeninn úr Skaftfellingum ríki í sér en hún taki þó Skagfirðingseðlið fram þegar á þurfi að halda. Spurð hvort hún hafi erfitt hagræðingshæfileika föður síns, Andrésar Valberg, fer hún hæglát með þessa vorvísu:



Guðný með dóttursynina Engilbert Þóri og Almari Óla Atlasyni við rafstöð heimilisins í Koltungugili. Þar rétt hjá er líka borholan sem sér búinu fyrir heitu vatni.

*Brátt mun vorsól verma grund og vekja blóm af dvala, fuglasöngur létta lund og lækjarsytrur hjala.*

Uppstoppaðir fuglar og litfagrir steinar setja svip á stofuna hjá Guðnýju. „Ég hef sterkar taugar til náttúrunnar,“ segir hún til skýringar. Í garðinum ræktar hún blóm, ber og matjurtir og í gróðurhúsinu tómat, gúrkur og vínber. Hún notar heimaræktað bygg og hveiti í brauðin sín og frístundunum ver hún meðal annars í hannyrðir. Minjagripir eftir hana eru þekktir, bæði svokallaðar Nálaguddur og tröllkonan Gilitrutt sem samkvæmt þjóðsögunni er nágrenni hennar í fjallinu Rauðafelli.

Guðný kenndi við grunnskólann á Skógum í rúm 20 ár, lengst af mynd- og handmennt og nú er hún formaður sóknarnefndar og kvenfélags í sinni sveit. „Einhver verður að vinna þessi störf,“ segir

hún hógvæð og telur góða verkskiptinguna og skipulagninguna forsendu þess að hlutirnir gangi sem eðlilegast fyrir sig.

Þau hjón eiga fjögur börn, Pál Eggert, Þuríði Völu, Ingu Júlíu og Sigríði. Tvö þau elstu, ásamt tengdasyninum Atla Engilbert, hafa nú að miklu leyti tekið við búrekstrinum á Þorvaldseyri.

Guðný telur það forréttindi að búa við þá fegurð sem umlykur Þorvaldseyri, auk þess að ala upp börn og barnabörn í sveitinni. „Mig langaði alltaf að búa á stað sem hefði jökul á aðra hönd og hafið á hina, eins og ég vandist í Öræfunum. Því ætlaði ég ekki að trúa mínum eigin augum þegar Ólafur beygði útaf þjóðveginum heim til sín með mig í fyrsta sinn,“ segir hún og hlær þegar hún er spurð hvort hún hafi þá eiginlega trúlofast umhverfinu. „Nei, ég sá Ólaf á undan jöklinum, þannig að hans persónutöfrar gengu fyrir.“

gun@frettabladid.is

## Skógfræði og landgræðsla við Landbúnaðarháskóla Íslands

Síðastliðið haust hóf Landbúnaðarháskóli Íslands að kenna skógfræði og landgræðslu til BS og MS gráðu.

- Þriggja ára nám
- Áhersla lögð á traustan vísindalegan grunn
- Nemendur búnir undir störf sem fræðimenn, stjórnendur eða sjálfstæðir atvinnurekendur
- Fjarnám og sjálfstæð MS verkefni
- Umsóknarfrestur um skólavist er til 4. júní

Hafið samband við kennsluskrifstofu Landbúnaðarháskólans eða brautarstjóra Skógfræði og landgræðslubrautar, Bjarna Diðrik Sigurðsson ([bjarni@lbhi.is](mailto:bjarni@lbhi.is)) til að fá frekari upplýsingar. Nánari upplýsingar er einnig að fá á heimasíðu Lbhí - [www.lbhi.is](http://www.lbhi.is)



Hvanneyri · 311 Borgarnes  
Sími 433 5000 · [www.lbhi.is](http://www.lbhi.is)

## Skítadreifari með slöngukerfi

Snorri Sigurðsson, framkvæmdastjóri búrekstrarsviðs Landbúnaðarháskóla Íslands, er með nýjan skítadreifara til reynslu í samstarfi við Jötunn Vélar ehf. á Selfossi. Dreifarinn er sá fyrsti sinnar tegundar hér á landi og einn sá fullkonnasti á markaðinum í dag.

„Hann dreifir skítum í gegnum slöngukerfi og leggur hann út yfir jörðina,“ segir Snorri og bætir því við að dreifarinn sé geysilega afkastamikill. „Aðalkosturinn er sá að það er tölva sem stýrir dreifingunni og þá er nákvæmlega jöfn dreifing á áburðinum yfir túnin.



Nýi skítadreifarinn er til reynslu hjá Landbúnaðarháskóla Íslands og þykir mjög afkastamikill auk þess sem hann nýtir áburðinn mun betur.

Dreifingin er samstillt við ökuhraða traktorsins þannig að hann skammtar nákvæmlega jafnmiklu út.“

Með nýja skítadreifarinum, sem er frá danska fyrirtækinu Samson Agro, verður mun minni lyktarmengun af áburðinum og það segir Snorri að geti skipt miklu máli, sérstaklega fyrir þá sem búa nálægt þéttbýli.

„Á þennan hátt nýtist áburðurinn betur,“ segir Snorri og bætir við: „Við erum með þetta til reynslu núna og nýbyrjaðir að nota þetta.“

Þessi dreifari er klárlega hluti af framtíðinni og ég hef trú á því að á komandi árum verði hann notaður í miklum mæli.“

-sig

## DÆLUR FYRIR SUMARHÚS og aðra bústaði



... brunna- og borholudælur  
... dælusett með þenslukeri  
og stjórnbúnaði  
... háþrýstar þvottadælur

... gæða vörur  
á hægstæðum verðum!



4" BORHOLUDÆLA  
SCM 4 PLUS 75/52

DRAIN 120 / 6  
M. flotrofa

VIP 100 / 6  
M. flotrofa

WATERPRESS INOX

W.P. SUPERINOX

MP50 Bensín

950 W

280 W

270 W

800 W

1100 W

2,6 HP - 47,7 cc.

56 m / 5,6 bar

6 m / 0,6 bar

6 m / 0,6 bar

46m. / 4,6 bar

50 m. / 5 bar

30 m / 3 bar

4500 l / klst.

7000 l / klst.

6500 l / klst.

3600 l / klst.

4200 l / klst.

16200 l / klst.

Stál AISI304

Stál og plast

Polypropylene

Riðfritt stál AISI304

Riðfritt stál AISI 304

Bensín m. 4% oliu.ibl.

Rafmk. 15 m.

Min vatnsh. 2 cm.

Min vatnsh. 2 cm.

min 2 / max 3 bar

min 2 / max 3 bar

Þyngd 8 Kg.

Stjórnbox m. öryggi

Kornastærð 6 mm.

Kornastærð 6 mm.

Stál 24 litra

Stál AISI 304 24 l.

Slöngutengi 1" (25mm.)

Slöngutengi 1"

Slöngutengi 1"

Slöngutengi 1"



Smiðjuvegi 66  
200 Kópavogi - S. 580 5800

### LANDVÉLAR



### STRAUMRÁS

Furuvellir 3 - 600 Akureyri - S. 461 2288

## Náttúru- og umhverfisfræði

Með aukinni ásókn í land og fjölbreyttari nýtingu þess er mikil þörf á fagfólki sem hefur viðtæka þekkingu á náttúru Íslands og sjálfbærri nýtingu hennar. Við Landbúnaðarháskóla Íslands er boðið upp á nám í náttúru- og umhverfisfræði. Áhersla er lögð á náttúru Íslands, áhrif mannsins á umhverfið, sjálfbæra nýtingu náttúrugæða og náttúruvernd.

Námið er góð undirstaða undir allt framhaldsnám í náttúruvísindum. Það hentar vel fyrir margvísleg störf að umhverfismálum sem krefjast sérþekkingar á íslenskri náttúru, s.s. umsjón, stjórnum og skipulag umhverfismála og landnýtingar, eftirlit og umsjón með náttúruverndarsvæðum og mat á umhverfisáhrifum. Einnig er námið kjörið fyrir kennslu í náttúrufræðum á grunn- og framhaldsskólastigi.

Nánari upplýsingar er að fá á vef Lbhí – [www.lbhi.is](http://www.lbhi.is)  
Umsóknarfrestur er til 4. júní.



Hvanneyri · 311 Borgarnes  
Sími 433 5000 · [www.lbhi.is](http://www.lbhi.is)

## Brauð gleður geiturnar

Geitur eru fjörleg húsdýr og afurðir þeirra með þeim hollustu sem völ er á. Jóhanna B. Þorvaldsdóttir á Háafelli í Hvítársíðu, Borgarfirði er langstærsti geitabóndi landsins.

Kiðlingarnir hoppa og skoppa kringum Jóhönnu og hlaupa yfir tærnar á henni í tugavís þegar hún er að gefa. Hún þarf helst að klappa öllum því þeir sækjast eftir blíðu og athygli. „Geitur eru mannelskar skepnur og líkjast að því leyti meira hundum en kindum,“ útskýrir Jóhanna. „Þær eru snöggar að læra og þeim þykir vænt um eiganda sinn ef hann sinnir þeim vel. Koma til hans þegar hann kallar og þær eru líka vanafastar. Ef þær eru mjólkaðar úti þá getur það kostað móggun að byrja á ungu geitinni á undan þeirri gömlu.“

Átján ár eru frá því Jóhanna byrjaði að ala geitur en búskapurinn hefur aukist með tímanum og í vetur var hún með 102 á fóðrum. Hún á sinn stóra þátt í að viðhalda íslenska geitastofninum sem var kominn niður fyrir 100 vetrarfóðruð dýr í kringum 1960 en er nú um 440. „Fyrir átta árum fékk ég síðustu kollóttu geiturnar í landinu sem voru þá bara fjórar eftir og hef verið að reyna að rækta upp þann hluta stofnsins. Svo er ég með nokkur litaafbrigði sem hvergi eru til annars staðar,“ segir hún og lítur yfir hópinn sinn.

Jóhanna er hjúkrunarfræðingur að mennt en starfar nú eingöngu við búskap. „Ég hef snúið mér að því að fyrirbyggja sjúkdóma með því að koma geitamjólkinni á markað því hún leysir ýmis heilsufarsleg vandamál,“ segir hún og henni er greinilega alvara. „Fólki verður svo gott af geitamjólk því hún er laus við það



Jóhanna á Háafelli segir geiturnar vera mannelskar skepnur.

prótein sem oftast veldur óþoli í annarri mjólk. Hún hefur bættandi áhrif á tennur, ristil og garnasár og það er búið að finna í henni efni sem eru góð fyrir fólk með of háan blóðþrýsting.“ En skyldi vera hægt að kaupa geitamjólk á fernum? „Nei, ég frysti hana ógerilsneydda en í henni þrefalt meira magn af bakteríuheimjandi efni en í kúamjólk svo hún ver sig nokkuð sjálf.“

Brie-ostar úr geita- og sauðamjólk sem framleiddir eru hjá Mjólkursamlaginu í Búdardal

þykja afbragð og Jóhanna segir kiðlingakjötið líka vinsælt af veitingastöðum. „Kjötið er fitulítið eins og af kjúklingi og próteinríkt eins og nautakjöt þannig að það er góð blanda,“ bendir hún á.

Hún segir geiturnar fá sína næringu mest úr heyi og grasi en hún gefi þeim eina lúku af fôðurbæti þegar hún sé að mjólka þær. „Svo þykir þeim vænt um bakarann í Borgarnesi því hann hefur gefið okkur brauð handa þeim og það gerir þær glaðar.“

[gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)

## TAKTU RÉTTAN PÓL Í HÆÐINA

[www.rs.is](http://www.rs.is)

### Mikrofynd Laser ML-14i

Sjálftillandi laser halla/hæðarmælir í lárétu og lóðréttu plani.



**TILBOÐSPAKKI**  
ML-14i LASER  
Í TÖSKU ÁSAMT ÞRÍFÆTI  
OG MÆLISTÖNG  
**199.200 kr.**



**R. SIGMUNDSSON**

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000

## Nýtt vefrit Bændablaðsins

Bændablaðið hefur opnað vefrit undir nafninu [bbl.is](http://bbl.is) og er fréttasíða blaðsins. Þröstur Haraldsson, ritstjóri Bændablaðsins, segir vefinn hafa verið lengi í deiglu en loks orðið að veruleika í apríl.

„Bbl.is er í rauninni fréttasíða Bændablaðsins þar sem sett er inn efni daglega og jafnvel oft á dag, eftir því sem tilefni er til,“ segir Þröstur en fréttirnar eru ýmist innlendar eða

erlendar af vettvangi landbúnaðar. „Þar má finna fræðsluhorn, panta smáauglýsingar til birtingar annaðhvort á vefnum eða í blaðinu en þeir sem hafa auglýst þar tala um hvað það séu gríðarlega mikil viðbrögð við auglýsingunum,“ bætir hann við og segist vona að síðan verði öflug og lifandi enda hafi heimsóknunum fjölgað jafnt og þétt frá opnun hennar.

„Bændasamtökin verða áfram með síðuna bondi.is í samstarfi



Þröstur Haraldsson er ritstjóri Bændablaðsins og [bbl.is](http://bbl.is). Hann segir vefsíðunni hafa verið vel tekið og vonast til að hún verði öflug og lifandi í framtíðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

við ýmsar stofnanir í landbúnaðargeiranum eins og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Sú síða er reyndar í vinnslu núna,“ segir Þröstur.

Þröstur tekur fram að Bændablaðið og [bbl.is](http://bbl.is) sé ekki eingöngu málgað bændur heldur allrar landsbyggðarinnar. „Við segjum ekkert síður frá þorpunum á landsbyggðinni en landbúnaðarmálum og blaðinu er dreift í 16.000 eintökum um allt land.“

- sig

# Afurðir beint frá býli

Beint frá býli er þróunarverkefni sem miðar að heimaframleiðslu og sölu á afurðum íslenskra bænda.

„Verkefnið Beint frá býli, hófst með úttekt á heimavinnslu sem gerð var árið 2004 á vegum landbúnaðarráðuneytis. Í kjölfarið var skipaður vinnuhópur utan um verkefnið. Markmiðið var að stofna tengslanet og móta sameiginlegt gæðamerki til að kynna og markaðssetja afurðir frá heimavinnslu íslenskra bænda,“ segir Sigurður Steingrímsson, verkefnastjóri hjá Impru nýsköpunarmiðstöð.

Að verkefninu standa Ferðahjónusta bænda, Bændasamtök Ísland, Lifandi landbúnaður, Landbúnaðarskólinn á Hólum, Landbúnaðarháskóli Íslands og Impru nýsköpunarmiðstöð. Einnig eru fimmtán bændur í þróunarhópnum og hafa verið frá upphafi.

Framleiðsla og sala beint frá býli er þegar heimil samkvæmt núverandi lögum og reglugerðum að sögn Sigurðar. Þó þurfa bændur að uppfylla ákveðnar kröfur áður en heimavinnsla hefst.

Vinnuhópurinn hefur sett saman kynningar- og leiðbeiningarrit um verkefnið og fram undan eru námskeið víða um land.

„Við höfum lagt mikla áherslu á vandaða hágæðavöru frá upphafi. Um 50 bændur hafa skráð sig á námskeiðin og það er enn hægt að komast að hjá okkur,“ segir Sigurður.



Sigurður er í forsvari fyrir verkefnið Beint frá býli hjá Impru nýsköpunarmiðstöð.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

Bændurnir eru með fjölbreytta framleiðslu að sögn Sigurðar. Hann nefnir sem dæmi kjötafurðir, sultu og vín úr hvönn ásamt framleiðslu á mozzarella og fetastí.

Verkefnið hefur fengið gríðarlega góðar viðtökur bæði frá bændum og almenningi. „Við kynntum verkefnið ásamt afurðum nokkurra bænda á Handverkssýningunni á Hrafnagili 2005. Undirtektir almennings voru mjög góðar og það virðist vera mikill áhugi á að geta keypt afurðir beint frá býli,“ segir Sigurður.

Hann segir jafnframt að áhersla

sé lögð á að tengja heimavinnsluna viðkomandi svæði. „Markmiðið er að sveitahótel eða matsölustaðir víða um landi geti keypt hráefni af bændum og stundað svæðisbundna matargerð,“ segir Sigurður.

Hann reiknar með að fyrstu bændurnir verði komnir í gang næsta vor þegar námskeiðum lýkur. Þá geta neytendur ýmist farið út á land eða keypt vörur í gegnum netið. Verkefnið er í umsjón Impru nýsköpunarmiðstöð sem mun fylgja því eftir.

rh@frettabladid.is

## Búvísindi

Í búvísindanámi við Landbúnaðarháskóla Íslands er lögð áhersla á raunvísindagreinar, námskeið á sviði jarðræktar og búfjárfræða og rekstrar- og tæknigreinar. Markmiðið er að undirbúa nemendur fyrir viðfangsefni og störf sem tengjast ræktun lands og landbúnaðarframleiðslu ásamt því að leggja grunn að framhaldsnámi og fræðistörfum á sviði búvísinda.

Nám til BS-prófs veitir undirbúning fyrir margvísleg störf sem tengjast landbúnaði við ráðgjöf, kennslu og rannsóknir. Einnig nýtist námið vel sem undirbúningur fyrir rekstur búa og störf hjá fyrirtækjum sem þjóna landbúnaði og atvinnurekstri í dreifbýli. Tveggja ára starfsmiðað meistaranám í framhaldi af BS-gráðu eykur hæfni fólks til starfa við leiðbeiningarþjónustu landbúnaðarins þar sem kröfur um menntun fara vaxandi. MS-próf uppfyllir menntunarkröfur fyrir störf landsráðunauta.

Nánari upplýsingar er að fá á vef Lbhi – [www.lbhi.is](http://www.lbhi.is)  
Umsóknarfrestur er til 4. júní.



Hvanneyri · 311 Borgarnes  
Sími 433 5000 · [www.lbhi.is](http://www.lbhi.is)

# Við spörum þér sporin og auðveldum flokkun!



EINN, TVEIR OG ÞRÍR 21.387

Við sækjum pappír, pappa, málma, plast, fernur og rafhlöður heim til þín.

Hringdu í okkur í síma 535 2510 og pantaðu **Endurvinnslutunnuna!**

Núna við líka!  
Frábært!



**RAFHLÖÐUR**  
mega fara í tunnunna  
í sérmerktum bláum  
pokum!



**GÁMAÞJÓNUSTAN HF.**  
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Súðarvogi 2 • 104 Reykjavík • Sími: 535 2500  
[gamar@gamar.is](mailto:gamar@gamar.is) • [www.gamar.is](http://www.gamar.is)

Sjáið kynningarmyndband á [www.endurvinnslutunnan.is](http://www.endurvinnslutunnan.is)



**N1**

**3 ÁRA**  
ÁBYRGÐ

# FYRSTIR MEÐ 3 ÁRA ÁBYRGÐ

N1 býður 3 ára ábyrgð á bílavarahlutum

FITON/SLA

**N1 VERSLANIR**

[WWW.N1.IS](http://WWW.N1.IS)

N1 er fyrsta fyrirtækið sem býður viðskiptavinum 3 ára ábyrgð á bílavarahlutum. Með þessu erum við að auka þjónustu okkar og lýsa yfir trausti á þeim vörum sem við seljum. Kynntu þér málið á [www.n1.is](http://www.n1.is).



# á huldu

is Group. Greiningardeildir bankanna eru ekki á einu máli um halda að sér höndum. Tilboðið verði hækkað eða annað betra athafa Actavis.



**Tilboð Novators var um níu prósentum hærra en lokagengi Actavis í Kauphöll Íslands daginn áður en það var lagt fram. Slíkt verð hefur aldrei verið greitt fyrir hlutabréf í félaginu og það er 21 prósentu yfir meðalgengi síðustu sex mánaða.**

## Sömu stefnu fylgt frá upphafi

Pegar Róbert settist í forstjórstól Deltu árið 1999 var félagið lítið og velti ekki nema fjórtán milljónum árlega í samheitalyfjum. Það mátti sín því lítils á alþjóðamarkaði. „Í mínum huga var bara tvennt í stöðunni. Að selja félagið til erlends aðila eða að byggja það upp í alþjóðlegt fyrirtæki.“

Ákveðið var að ráðast í seinni kostinn, sem Róbert viðurkennir að hafi hafi verið algjörlega óraunhæft. Stefnan hafi þó verið skýr frá upphafi sem hafi skipt sköpum. „Í raun og veru er allt sem við förum

út í, allar yfirtökur og öll þau félög sem við höfum stofnað, gert til að byggja undir þrjá þætti. Að komast inn á fleiri markaði, að fjölga verkefnum í þróun og lækka kostnað. Stefnan hefur ekkert breyst. Við höfum bara verið að fylla upp í myndina sem við teiknuðum upp árið 1999.“

Þessi stefna hefur skilað sér í fjölgun starfsmanna úr rúmlega hundrað í rúmlega 11 þúsund á átta árum og Actavis hefur náð þeirri stærðarhagkvæmni sem er nauðsynleg til þess að geta keppt á markaðnum. Ekkert félag hefur vaxið með sama hraða í samheitalyfjageiranum, hvorki í verðmætum né í stærð. „Þetta gekk upp því framtíðarsýnin, metnaðurinn og óbilandi trú á að þetta væri hægt var til staðar hjá starfsfólki félagsins. Það var í raun og veru það eina sem við höfðum því þetta var lítið félag með lítið fjármagn.“

Róbert settist í stjórn Actavis á síðasta aðalfundi. Þar sem hann er forstjóri félagsins og einn stærstu hluthafa tekur hann ekki afstöðu til tilboðs Novators og vill ekkert tjá sig um það fyrr en stjórnin hefur gefið út formlegt álit sitt. Hvort sem af kaupum Novators verður eða ekki hyggst Róbert sitja áfram í forstjórstól félagsins. „Það verður engin breyting á starfsfólki eða stefnu félagsins enda er það það sem Björgólfur er að fjárfesta í.“ Hvort yfirtökutilboð Novators hafi komið Róberti á óvart vill hann heldur ekkert segja um. „Það eina sem ég get sagt er að við Björgólfur höfum unnið mjög vel saman í gegnum árin. Það mun ekkert breytast í framtíðinni.“



**RÓBERT WESSMAN, FORSTJÓRI ACTAVIS** Frá upphafi hefur Actavis fylgt þeirri stefnu að komast inn á fleiri markaði, að fjölga verkefnum í þróun og lækka kostnað.

### 2003

Pharmaco kaupir meirihluta bréfa í félaginu Colotech sem sérhæft er í vörusóknunum og þróun. Kaupverð er 100 milljónir evra.

Stofa opnuð í Bandaríkjunum undir forstjórn Óla Ólafssonar sem nú er forstjóri Actavis. Söluskrifstofa opnuð í Svíþjóð.

Bréfa í Pharmaco hækkaði um 20 prósent þetta ár og félagið varð verðmætasta í Kauphöll Íslands. Það fór markaðsvirði félagsins yfir 100 milljarða króna, fyrst íslenskra.

Ársins 316 milljónir evra.

Starfsfólks 6.835.



### 2004

Pharmaco tekur upp nafnið Actavis Group.

Kaup á pólska markaðsfyrirtækinu Biovena. Kaupverð ekki gefið upp.

Tyrkneska samheitalyfjafélagið Fako yfirtekið. Kaupverð 83 milljónir Bandaríkjadala.

Pliva í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi yfirtekið. Kaupverð ekki gefið upp.

Velta ársins 453 milljónir evra.

Fjöldi starfsfólks 6.602.



### 2005

Actavis kaupir samheitalyfjahluta alþjóðlega lyfjafyrirtækisins Alpharma. Kaupverð nemur 810 milljónum Bandaríkjadala.

Samheitalyfjahluti ungerska félagsins Keri Pharma keyptur. Kaupverð ekki gefið upp.

Yfirtaka á búlgarska lyfjadreifingarfyrirtækinu Higia. Kaupverð ekki gefið upp.

Fyrsta stóra skrefið tekið inn á Bandaríkjamarkað með kaupum á samheitalyfjafyrirtækinu Amide. Kaupverð 600 milljónir Bandaríkjadala.

Tékkneska lyfjafyrirtækið Pharma Avalanche yfirtekið. Kaupverð ekki gefið upp.

Actavis færir sig inn á Indlandsmarkað með kaupum á indversku þróunareiningunni Lotus Laboratories fyrir 20 milljónir evra.

Velta ársins 579 milljónir evra.

Fjöldi starfsfólks 10.153.

### 2006

Rúmneska lyfjafyrirtækið Sindan, sem sérhæft er í þróun og framleiðslu krabbameinslyfja, keypt fyrir 148 milljónir Bandaríkjadala.

Actavis kaupir 51 prósent hlut í rússneska lyfjafyrirtækinu ZiO Zdorovje fyrir 60 milljónir Bandaríkjadala.

Verksmiðja sérhæfð í framleiðslu samheitalyfja keypt á Indlandi. Kaupverð ekki gefið upp.

Actavis kaupir bandaríska lyfjafyrirtækið Abrika sem sérhæft er í þróun og sölu forðalyfja. 235 milljónir Bandaríkjadala með árangursgreiðslum.

Velta ársins 1.379 milljónir evra.

Fjöldi starfsfólks 10.874.



### 2007

Actavis kaupir lyfjaverksmiðju Sanmar á Indlandi sem sérhæfð er í framleiðslu virkra lyfjaefna. Kaupverð ekki gefið upp.

Novator, fjárfestingarfélag stjórnarformannsins Björgólfs Thor Björgólfssonar, leggur fram óbindandi tilboð í allt hlutfé Actavis í A-flokki.





## STARFSMANNAMÁL

## Vinnuvernd á Íslandi / Ochrona pracy na Islandii

Lög um aðbúnað, hollustu-hætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 kallast í daglegu tali vinnuverndarlögin. Þau gilda um alla starfsemi í landi þar sem einn eða fleiri menn vinna.

Ustawa nr 46/1980, *O warunkach technicznych zdrowotnych i bezpieczeństwie w miejscu pracy* zwana jest w języku potocznym ustawą o ochronie pracy. Przepisy ustawy dotyczą wszystkiego, co związane jest z działalnością

gospodarczą i odnoszą się do miejsc, w których pracuje jedna lub więcej osób.

## HÆTTULEG EFNÍ

Ef unnið er með hættuleg efni á að skipuleggja vinnuna þannig að starfsmenn komist hjá ónáuðsynlegum áhrifum efnanna. Oft er hægt að velja önnur, hættuminni efni en þau sem notuð eru. Samkvæmt reglum nr. 602/1999 um öryggisleiðbeiningar vegna efna-

notkunar á vinnustöðum eiga þeir, sem nota efni eða vörutegundir í starfi sínu, að hafa greiðan aðgang að öryggisleiðbeiningum þar sem m.a. skulu vera upplýsingar um helstu hættur, sem efninu eða vörunni fylgja, og um viðbrögð (skyndihjálpi) ef óhapp verður. Slíkar öryggisleiðbeiningar eiga að vera til á íslensku og því er erlendum starfsmönnum eindregið ráðlagt að fá nánari upplýsingar t.d. hjá öryggisráðgjafarmanni eða verkstjóra, um hættur af efninu eða vörunni og hvernig með skuli fara, enda eiga starfsmenn skv. lögum rétt á slíkri leiðsögn. Persónuhlífar eins og öndunargrímur eru því afar mikilvægar þegar við á.

## NIEBEZPIECZNE MATERIAŁY

Przy kontakcie z niebezpiecznymi materiałami należy pracę zorganizować w ten sposób, by zapobiec niepotrzebnym szkodliwym wpływom tych substancji. Często można użyć innych, mniej szkodliwych środków, niż używane dotychczas. Osoby pracujące przy środkach chemicznych muszą mieć – zgodnie z rozporządzeniem nr 602/1999 o instrukcjach bezpieczeństwa – zapewniony dostęp do instrukcji bezpieczeństwa, w których zawarte muszą być informacje na temat zagrożeń, które wiążą się z daną substancją lub grupą towarów, a także na temat sposobu reakcji i pierwszej pomocy w razie wypadku. Instrukcje takie

powinny być dostępne w języku islandzkim, dlatego też pracownikom obcego pochodzenia zaleca się zasięgnięcie szczegółowych informacji na temat możliwych zagrożeń i reakcji w razie wypadku, np. u kierownika, gdyż, zgodnie z prawem, pracownicy mają prawo do takiego instruktażu. Używanie masek ochronnych i innych osłon jest bardzo ważne tam gdzie zachodzi taka konieczność.

(Heimild. [www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is). Texti og þýðingar: Hanna Kristín Stefánsdóttir og Alþjóðahús.)

Sif Sigfúsdóttir  
MA í mannauðsstjórnun.



## SPÁKAUPMAÐURINN

## Krónuprinsinn Björgólfur Thor

Jæja, sennilega getur maður farið í sumarfrí rólegur yfir krónunni. Þökk sé Björgólfi Thor. Yfirtaka á Actavis mun halda krónunni uppi fram á haustið, auk þess sem markaðurinn hér heima mun fá stuðning við þetta.

Í fyrsta lagi koma miklir erlendir fjármunir inn með yfirtökunni. Þar við bætist að nú verða apótekarafjölskyldur allra landa að fara að leita nýrra fjárfestinga. Pharmaco gerði alls konar mixtúrulið moldríkt. Delta og Pharmaco voru svona apótekarasamlög til að steypa magnyl fyrir íslenska markaðinn. Þessi magnylsteypa varð svo að heimsveldi með tilheyrandi verðmætaaukningu fyrir þessar familjur. Þarna hafa þær verið árum saman og ekki hreyft neitt og munu núna sitja með fullt fangið af peningum sem þarf að koma í ávöxtun.

Ég hlóð mér í stöðum um leið og fréttirnar bárust í síðustu viku. Það lá á borðinu að markaðurinn myndi taka smá sprett þessa dagana. 100 milljarðar sem losna munu auðvitað hreyfa heilmikið á markaðnum og spurningin er í hvers konar fyrirtæki þessir peningar fara. Ég held að þarna losni fé hjá mörgum íhaldssömum fjárfestum sem munu dreifa áhættunni. Ég held að eignastýringarliðið í bönkunum ætti að fara að renna yfir hluthafalistann og taka upp símann. Margir freistandi kunnar að verða til þessa dagana.

Sjálfur hef ég grætt helling í Actavis í gegnum tíðina og meira en apótekararnir. Ég fór út í langan tíma meðan gengið lá marflatt og lagði áherslu á bankaana á meðan. Ég var búinn að hlaða mér upp að undanförunu, enda ljóst að verðið á félaginu var hagstætt og líklegt að til tíðinda myndi draga. Mér var alveg sama hver tíðindin yrðu og því er mér ósárt um yfirtökuna. Vil bara toppverð fyrir mín bréf og vona að Björgólfur Thor teygi sig eftir því.

Annars eiga þeir smá goodwill hjá mér feðgarnir. Ég las þá hárrétt þegar þeir komu með björpeningana. Ég vissi að þessir fjármunir myndu setja allt af stað og gíraði mig því hressilega upp í einkavæðingarferlinu og þegar Kolkrabbinn fór að missa fótanna. Þetta ferðalag er búið að vera skemmtilegt og ég sé ekki betur en að sumaríð haldi ágætlega af stað. Ég sem hélt á tímabili að maður yrði að vera kominn með allt fé úr landi fyrir sumarið, fjarri Ögmundi og ónýtri krónu. En það verður að segjast eins og það er. Jafnvel ég hef ekki alltaf rétt fyrir mér.

Spákaupmaðurinn á horninu



## Vorið kallar á þig í Fornalundi

Nú er tími vorverkanna

Fyrstu skrefin að sælureit fjölskyldunnar liggja í Fornalund. Landslagsarkitekt okkar aðstoðar þig við að breyta garðinum þínum í sannkallaðan sælureit.

Hringdu í síma **585 5050** og fáðu tíma í ráðgjöf hjá landslagsarkitekt okkar.



Söludeild :: Breiðhöfða 3 :: Sími: 585 5050  
Opíð mánudaga til föstudaga 8–18  
og laugardaga 9–14.



**BM-VALLA**

[bmvalla.is](http://bmvalla.is)

## Eigendaskipti hjá verk-takafyrirtækinu Háfelli

Gengið hefur verið frá sölu á öllu hlutafé í verktafyrirtækinu Háfelli ehf. Eiður H. Haraldsson og fjölskylda, sem rekið hafa félagið frá árinu 1986, hafa selt allt sitt hlutafé til félags í eigu Skarphéðins Ómarssonar og Jóhanns Gunnars Stefánssonar. Fyrirtækjasvið KPMG hafði umsjón með sölu félagsins.

Áð því er fram kemur í tilkynningu um eigendaskiptin mun Eiður starfa áfram hjá félaginu og veita ráðgjöf. Nýju eigendurnir eru jafnframt sagðir þekkja vel til verktakastarfssemi. Aukinheldur hefur Skarphéðinn, en hann tekur við sem nýr forstjóri, unnið með eigendum Háfells undanfarin ár. Hann kveðst mjög ánægður með áfangann. „Við ætlum að renna styrkari stoðum undir rekstur félagsins til að það haldi áfram að vaxa og dafna, eigendum og starfsmönnum til hagsbóta,“ er eftir honum haft.

„Háfell hefur starfað við fjöl-



**HRINGBRAUT FÆRD** Starfsmenn Háfells að helluleggja við Hringbraut í byrjun árs 2006. Færsla Hringbrautar er eitt stórra verkefna sem fyrirtækið hefur tekið að sér.

MARKAÐURINN/VILHELM

mörg vandasöm verkefni á undanföllum árum,“ segir í tilkynningunni og gerð Héðinsfjarðarganga í samvinnu við tékkneska fyrirtækið Metrostav sem lýkur árið 2009, sagt stærsta verkið. Meðal annarra verkefna Háfells á undanföllum árum má nefna tvöföldun Reykjanesbrautar, færslu Hringbrautarinnar og endurgerð Sæbrautar auk fjölmargra stærri og smærri verka á sviði vegna og gatnagerðar. Hjá Háfelli starfa um 60 manns. - óká



**FME Á TOPPNUM** Hópur á vegum Fjármálaeftirlitsins kleif Hvannadalshnjúk í byrjun maímánaðar og getur hér að líta stolta ferðalanga á áfangastað. Undirbúningur leiðangursins hófst fyrir um tveimur mánuðum og hefur hópurinn æft reglulega á því tímabili, meðal annars með vikulegum Esjugöngum og gönguferð upp Hvalfell. Að sögn ferðalanga var mikil stemning í hópnun, enda víðraði vel á toppnum. Ferðin upp og niður tók um 14 klukkustundir, en gönguleiðin er samtals um 25 kílómetrar í láréttri línu.

## AUKIN AFKÖST, MINNA ÁLAG



PEP þjálfun hjálpar starfsmönnum fyrirtækja að ná meiri yfirsýn yfir verkefni dagsins og nýta tímann betur – með minna álagi.

Pantaðu kynningu og skoðuðu vefinn okkar, [www.ibt.is](http://www.ibt.is).

**IBT**

IBT á Íslandi • Nethyl 2  
sími 578 1500 • [ibt@ibt.is](mailto:ibt@ibt.is)

## Fundað um samkeppnishæfni

Viðskiptaráð Íslands og Glitnir efna í dag til fundar í húsakynnum Viðskiptaráðs þar sem niðurstöður könnunar IMD-viðskiptaháskólans í Lausanne í Sviss á samkeppnishæfni hagkerfa verða kynntar ítarlega.

Ísland hefur síðastliðin ár verið á meðal samkeppnishæfustu hagkerfa í heimi en fellur úr fjórða sæti í það sjöunda í nýjustu skýrslu IMD. Bandaríkin tróna á toppnum nú líkt og síðastliðin þrettán ár.

Fundurinn hefst klukkan 14 en þar fara þeir Erlendur Hjaltason, forstjóri Exista og formaður Viðskiptaráðs, Frosti Ólafsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs, og Ingólfur Bender, forstöðumað-

ur greingardeildar Glitnis, yfir efni skýrslunnar og mögulegar aðgerðir til að bæta stöðu Íslands. - jab



**HÚS VERSLUNARINNAR** Viðskiptaráð og Glitnir fjalla um skýrslu IMD-viðskiptaháskólans um samkeppnishæfni og aðgerðir til að bæta stöðu Íslands. Markaðurinn/Stefán

## Fjársterkir aðilar að baki Joost

Þeir Janus Friis og Niklas Zennström, mennirnir sem fundu upp Skype-netsímabjónustuna og skráskiptiforritið Kaaza, greindu frá því í síðustu viku að fyrirtæki þeirra hafi fengið fimm fjársterka bakhjarla til að styrkja netsjónvarpsþjónustuna þeirra, Joost.

Joost hefur yfir að ráða 150 stöðvum og geta viðskiptavinir þjónustunnar valið á milli þess að horfa á allt frá teiknimyndum til kvikmynda í hæstu gæðum. Efni þjónustunnar er dreift með sérstöku skráskiptiforriti.

Bakhjarlarnir settu 45 milljónir bandaríkjadala, jafnvirði tæpra 2,9 milljarða íslenskra króna, í fyrirtækið. Á meðal þeirra eru



**NIKLAS ZENNSTRÖM** Frumkvöðlarnir á bak við Skype og Joost segja að afar fjársterkir aðilar hafi sett fjármagn inn í netsjónvarpsþjónustu þeirra.

MARKAÐURINN/AFP

bandarísku afþreyingarrisarnir CBS og Viacom en þeir miðla efni sínu í þjónustuna. Þá er þar að finna efni frá MTV, barnarásinni Nickelodeon, Paramount og fleiri fyrirtækjum. Aðrir eru fjárfestingafélagið Index Ventures, Sequoia Capital og Li Ka-Shing, stjórnarformaður asísku samstæðunnar Hutchison Whampoa og

einn ríkasti maður Asíu.

Vinna við netsjónvarpsþjónustuna hófst í janúar í fyrra og hefur takmörkuðum fjölda netverja gefist kostur á að nýta prófanaútgáfu af henni. Stór áfangi náðist hins vegar í byrjun þessa mánaðar þegar opnað var fyrir almennan aðgang að öðru stigi prófanaútgáfunnar. - jab

## Viðskiptahúsið

### Fjárfestingatækifæri í ýmsum atvinnugreinum

- Stór og vel staðsett matvöruverslun á höfuðborgarsvæðinu.
- Öflugt fyrirtæki í bílagreininni.
- Byggingafyrirtæki með góða viðskiptasamninga.
- Þjónustufyrirtæki í málmiðnaði.
- Herrafataverslun í blóma.
- Matvælavinnsla með sérstöðu.
- Fiskvinnsla hérlendis og erlendis.
- Véla- og varahlutabjónusta fyrir vélar óskast.
- Bráðvantar gott hótél.

Áhugasamir hafið samband við:

Hörð Hauksson Gsm: 896 5486 • Atla Víðar Jónsson Gsm: 898 2533  
og Gísla Bogason Gsm: 863 0509

Fyrirtækjasvið Viðskiptahússins annast:

- Kaup og sölu fyrirtækja eða rekstrareininga og samrunaferli.
- Kaup og sölu á fasteignum þeim tengdum og byggingalóðum fyrir atvinnuhúsnæði, landareignum og bújörðum.
- Fjármögnun verkefna.

## Styðja við útrás Lay Low

Samskip hafa tilkynnt um stuðning sinn við tónlistarkonuna Lovísu Elísabetu Sigrúnardóttur, eða Lay Low eins og hún kallar sig, næstu tvö árin. Hún hefur notið vaxandi vinsælda bæði heima og erlendis og sigraði meðal annars í þremur flokkum á Íslensku tónlistarverðlaununum fyrr á árinu.

Tilkynnt var um stuðninginn á starfsmannaskemmtun Samskipa um síðustu helgi, en Lay Low kom þar fram við góðar undirtektir ásamt hljómsveit. Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa, greindi frá því að félagið yrði bakhjarl Lay Low næstu tvö árin og myndi aðstoða hana með ráðum og dáð við að koma sér á framfæri, bæði heima og erlendis. „Saman náum við árangri því við höfum mikla reynslu af útrás og vitum að gott er að eiga góða að,“ sagði Ásbjörn á skemmtuninni.

Stuðningur Samskipa er sagður koma sér vel fyrir Lovísu sem verður á ferð og flugi næstu mánuðina. Fyrsta tónleikaferð



**Á STARFSMANNASKEMMTUN** Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa, tilkynnir um stuðning félagsins við tónlistarkonuna Lay Low á starfsmannaskemmtun félagsins um helgina. Þema samkomunnar endurspeglar í klæðaburði forstjórans.

MYND/HREINN MAGNÚSSON

hennar til Bandaríkjanna fer fram dagana 27. maí til 9. júní og kemur hún fram bæði í Los Angeles og New York. Í þessari viku kemur hún hins vegar fram á tónlistarhátíðinni The Great Escape í Brighton á Englandi

og í september spilar hún á Popkomm hátíðinni í Berlín. Þá liggur leið hennar aftur til New York í október og í nóvember er fyrirhuguð vikulöng tónleikaferð um Bretland, samkvæmt upplýsingum frá Samskipum. - óká



### Skólaþjónusta Digital

Það er mikil ábyrgð lögð á herðar umsjónarfólks tölvu- og tækjamála í skólum. Allur búnaður þarf að vera í góðu ásigkomulagi þegar til þarf að taka og sífellt er verið að leita leiða til að halda niðri kostnaði. Örugg leið til að draga úr kostnaði við rekstur og endurnýjun búnaðar er að gæta vel að hreinsun og viðhaldi. Skólaþjónusta Digital er ný þjónusta á vegum Digital sem aðstoðar skóla við að halda niðri rekstrarkostnaði og lengja líftíma þess búnaðar sem fjárfest hefur verið í.

Kynntu þér Skólaþjónustu Digital:

# Hafðu ekki áhyggjur af tækjabúnaði skólans

**Digital** er nýtt sölu- og þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni sem stofnað var af fyrrverandi starfsmönnum Tæknivals. **Digital** hefur það að markmiði að veita framúrskarandi þjónustu og ein af þeim nýjungum sem við erum að fara af stað með núna í maí er svonefnd **Skólaþjónusta Digital**.

Þessi þjónusta felst í því að tæknimenn okkar koma á staðinn eftir nánara samkomulagi við umsjónarmann tölvu- og tækjamála og framkvæma þá þjónustu sem óskað er eftir og skila skýrslu að verki loknu um ástand búnaðar.

**Lykilþættir í Skólaþjónustu Digital eru eftirfarandi:**

- Rykræsting á tölvum
- Hreinsun á prenturum, ljósritunarvélum og faxtækjum
- Rykræsting á skjávröpum, hreinsun á linsum, ástandsskoðun á perum og útskipti á perum sé þess þörf
- Uppfærsla á stýrikerfum tölva og netþjóna
- Ráðgjöf varðandi hugbúnaðarleyfi
- Qualys veikleikaprófanir á neti
- Öryggismál á neti s.s. gagnvart aðgangi nemenda

## Ryk er hvítleiður orsakavaldur bilana og tjóns

Ryk er víða umtalstalsvert vandamál í rafeindabúnaði eins og tölvum, prentlausnum og skjávröpum og því afar mikilvægt að vera vel á varðbergi gagnvart því. Sem dæmi má nefna að uppsöfnun ryks í tölvum veldur því að tölvan fær ekki þá kælingu sem nauðsynleg er og gengur „heitari“ en hennir er ætlað. Afleiðingar þess eru tíðari bilanir og í tilfellum getur myndast veruleg slyshætta af slíku ástandi og jafnvel eldsvoði.

Ef ekki er hugsað fyrir reglulegri rykræstingu er afleiðingin sú að líftími tækisins er skemmri en ætla má og því nýtist síður sú fjárfesting sem stofnað hefur verið til.

Mikilvægur hluti Skólaþjónustu Digital er að **rykræsta tölvubúnað** og skynsamlegt er að framkvæma slíka hreinsun árlega. Það sama á við um önnur rafeindatæki s.s. **skjávörpa**, **prentara**, **ljósritunarvélar** og **faxtæki** en þau tæki þurfa reglulegt viðhald og hreinsun. Tæknimenn Digital vinna með þér að slíku viðhaldi.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Digital: [www.digital.is](http://www.digital.is)

## Fimm einföld skref!

- 1 Þú hefur samband við Digital í síma 550 4000 eða með tölvupósti: [digital@digital.is](mailto:digital@digital.is) og velur þér þá þjónustupætti sem henta
- 2 Þú færð tilboð í verkið og verkáætlun
- 3 Þú ákveður í samvinnu við tæknimenn Digital hvenær verkið skal unnið
- 4 Að verki loknu færð þú skýrslu frá Digital með yfirliti yfir þá verkþætti sem unnið var að ásamt upplýsingum um ástand þeirra tækjabúnaðar
- 5 Þú getur sett tærnar upp í loft og verið áhyggjulaus í sumar, amk. hvað þessi mál varðar!



**Digital ehf.**

Síðumúla 24-26

108 Reykjavík

Sími: 550 4000

Fax: 550 4001

Netfang: [digital@digital.is](mailto:digital@digital.is)

Veffang: [www.digital.is](http://www.digital.is)

## Verður áfram í Helsinki

Jan Forsbom, framkvæmdastjóri eignastýringar FIM í Helsinki, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri eignastýringasviðs Glitnis. „Eitt af markmiðum sviðsins er að samþætta vöruframboð og þjónustu FIM þvert á starfsvæði bankans auk þess að efla þjónustu á sviði sjóðastýringar, eignastýringar, einkabankaþjónustu og dreifingar,“ að því er fram kemur í tilkynningu Glitnis, en bankinn stefnir á umtalsverða aukningu á sviði eignastýringar á Norðurlöndum á næstu árum. Þar á meðal annars að byggja á árangri FIM í Finnlandi. Jan Forsbom er sagður hafa gegnt lykilhutverki við að gera FIM að leiðandi fjármálaþyrir-tæki á sviði eignastýringar, miðlunar og fyrirtækjaráðgjafar í Finnlandi, Svíþjóð og Rússlandi.



**JAN FORSBOM** í byrjun vikunnar var frá því greint að Jan Forsbom hefði verið ráðinn til að stýra eignastýringasviði Glitnis. MARKAÐURINN/GVA

Hann verður áfram í Helsinki, þar sem meginstarfsemi alþjóðlegrar eignastýringar Glitnis fer fram. „Forsbom er leiðtogi með umfangsmikla þekkingu á þessu sviði auk þess að hafa afar fjölbreytta reynslu af fjármála- og

bankastarfsemi síðustu tvo áratugi. Það er tilhlökkunarefni fyrir bankann að hann taki við starfi framkvæmdastjóra eignastýringar,“ segir Lárus Welding, forstjóri Glitnis, í tilkynningu bankans.

Glitnir keypti 68,1 prósent hlutafjár í FIM í byrjun febrúar en yfirtökutilboði í félagið lýkur í dag.

Jan Forsbom hóf störf hjá FIM árið 2000, þá sem framkvæmdastjóri FIM Securities Ltd. Hann varð framkvæmdastjóri hjá FIM Group Ltd 2005 og hefur leitt starfsemi FIM Asset Management Ltd frá sumri 2006. Hann nam lögfræði við háskólann í Helsinki og lauk MBA-gráðu frá Henley Management í Bretlandi. Forsbom er giftur og á fjögur börn.

- óka



**HÖFUÐSTÖÐVAR INNOVATE Í BRELANDI** Nýr samningur Innovate við Nestlé í Bretlandi er sagður hrein viðbót við fyrri samninga fyrirtækjanna á milli.

## Innovate semur við Nestlé í Bretlandi

Innovate Logistics, dótturfélag Eimskips, hefur skrifað undir 10 ára samning við Nestlé UK Ltd um rekstur á 75.000 bretta kæligeymslu í Bretlandi. Nestlé er stærsti matvæla- og drykkjarvöruframleiðandi heims og nemur heildarvirði samningsins milljörðum króna, að því er fram kemur í tilkynningu Eimskips.

Samningurinn felur í sér að Innovate byggir vörugæmslu sérstaklega sniðna að þörfum Nestlé og rekur hana næstu 10 árin. Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, segir að samningurinn við Nestlé sýni hversu umfangsmikill rekstur félagsins sé orðinn og hvaða möguleikar í honum felist.

- óka

## HugurAx kaupir veflausnadeild

HugurAx hefur keypt veflausnadeild Betri lausna ehf., sem hefur um árabil unnið að gerð veflausna fyrir fyrirtæki og stofnanir og þróað öflugt íslenskt vefumsjónarkerfi.

HugurAx mun eftirleidis sjá um alla þjónustu við þá vefi sem áður voru í þjónustu Betri lausna ehf. og hafa starfsmenn Betri lausna, sem sinnt hafa veflausnum hafið störf hjá HugurAx, að því er fram kemur í tilkynningu. Páll Freysteinnsson, framkvæmdastjóri HugurAx, segir Betri lausnir falla vel að starfsemi HugurAx og sé fjárfestingin liður í að efla starfsemi fyrirtækisins á sviði veflausna. - jab



**VIÐ UNDIRRITUN KAUPANNA** Ingimar Þór Friðriksson, framkvæmdastjóri Betri lausna, Sigrún Eva Ármannsdóttir, forstöðumaður fjármálalausnasviðs HugurAx, og Páll Freysteinnsson, framkvæmdastjóri HugurAx.

PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR



## Ávaxtaðu betur - í þeirri mynt sem þér hentar

ávöxtun í krónum **15,5%\***    ávöxtun í evrum **4,8%\***    ávöxtun í dollurum **6,0%\***    ávöxtun í pundum **5,7%\***

Kynntu þér kosti Peningamarkaðssjóða Kaupþings í ISK, EUR, USD og GBP.

Sérfræðiaðstoð við fjárfestingar hringdu í síma **444 7000**

\*Nafnávöxtun í ISK, EUR, USD og GBP á ársgrundvelli fyrir tímabilið 30/03/07 - 30/04/07.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útböðslýsingu eða útdrætti úr útböðslýsingu sjóðsins í útibúum Kaupþings eða á [www.kaupthing.is](http://www.kaupthing.is).

**KAUPÞING**

**8**

ALLRA ÁTTA  
VEFSÍÐUFYRIRTÆKI

„Vegir liggja til  
...Allra Átta!“

[www.8.is](http://www.8.is)

→ Vefsíðuhönnun → A8 Vefumsjón → Ráðgjöf

Allra Átta ehf. • Skútuvogur 1e • 104 Reykjavík • Sími: 588 8885 • Netfang: 8@8.is • Veffang: www.8.is

Miðlaðu á **markvissan** hátt með Netvision



NETVISION

**mentis** HUGBÚNAÐUR



ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI  
í 30 daga á [www.mentis.is](http://www.mentis.is)

Microsoft  
CERTIFIED  
Partner

Mentis Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 [info@mentis.is](mailto:info@mentis.is)

# Ábyrgt samband

70% íslenskra fyrirtækja velja Símann

Ástæðan er sú að Símann býður fyrirtækjum á öllum sviðum öruggar lausnir sem taka til allra þátta starfseminnar og eru sérsniðnar að þörfum hvers fyrirtækis. Á hvaða sviði starfar fyrirtækið þitt?

## Símann hefur lausnirnar fyrir fyrirtæki í verslun og þjónustu

- Viðskiptamiðjan – rafræn miðlun reikninga
- Tölvupóstur í símann – þú velur þá leið sem hentar
- Gagnatengingar um farsíma – tenging við upplýsingakerfi fyrirtækisins hvar sem er
- GSM þak – fyrirtækið greiðir ákveðinn hluta GSM notkunar starfsmanna
- Posalausnir – minni biðtími, aukin hagkvæmni og betri þjónusta
- Símkerti – láttu okkur hýsa símkertið þitt
- Fjölbreyttar GSM áskriftarleiðir
- SMS magnsendingar – sendu hópi viðskiptavina tilboð með SMS

↳ Nánari upplýsingar á [siminn.is](http://siminn.is)



## BANKHÓLFID



### Veislan í Gramercy

Sir Philip Green, eigandi Arcadia, blés til mikillar veislu í New York í Bandaríkjunum á þriðjudag í síðustu viku. Tilefnið var upphaf sölu á splunkunýrri fatalínu stjórnufyrirsætunnar Kate Moss, sem hún hannaði fyrir Topshop. Green er sagður hafa á þrjónunum að opna þrjár verslanir undir merkjum Topshop miðsvæðis í stórborginni fyrir lok árs og fleiri víða um landið á næstu árum. Í helgarútgáfu breska dagblaðsins Times segir að teitið hafa byrjað í faðmi æstra aðdáenda Moss í miðborginni en að því loknu fór Green ásamt stjórnufyrirsætunni og góðum vinum yfir á Gramercy Park-hótelid.

### Í góðum félagsskap

Og áfram af gleðinni hjá Green því Sunday Times segir viðskiptajöfurinn hafa verið svo ánægðan með dvöl sína í New York að hann geti vel hugsað sér að flytja þangað og fylgjast með uppbyggingu Topshop-búðanna. Ekki kemur fram hvort hann hyggist festa sér íbúð í Gramercy Park en þar eru nágrannarnir ekki af verri endanum. Að frægasta fólki veraldar undanskildu á þar Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs og þriðji áhrifamesti maðurinn í smásölu á Bretlandi á lista Retail Week, og sambýliskona hans, Ingibjörg Pálmadóttir, heilar tvær íbúðir. Ekki kemur fram í Times hvort Jón hafi skroppið yfir á hotelid og skálað við þennan fyrrum viðskiptafélaga sinn, sem situr í sjötta sæti á sama lista Retail Week.

### Ekkert frí

Spennandi þingkosningar eru að baki, en skömmu fyrir kosningar heyrðust þær raddir að einhverjir íslenskir fjárfestar hefðu í hyggju að taka sér frí til fjögurra ára næði vinstriþjórn völdum með hugsanlegum skattahækkunum á fyrirtæki, hagnaði af sölu hlutabréfa og ýmsu öðru sem valdið hefði pirringi þeirra. Má gera ráð fyrir að einhverjir hafi setið spennir með farmiðann í höndunum fyrir framan flatskjáinn á kosninganótt og fylgst með því þegar þeir voru eina stundina á leið í langt frí en hina horfðu þeir fram á fjögurra ára vinnutörn. Úr því sem komið er verða fjárfestarnir að láta sér lynda styttri sólarferðir næstu árin sem þeir geta nýtt til að skanna hugsanlega áfangastaði til að flytjast til eftir fjögur ár. En það ræðst vitanlega af úrslitum kosninga þá.

**176** milljarða króna yfirtökutilboð Novators, fjárfestingarfélags Björgólfs Thors Björgólfssonar, í Actavis.

**4,7** milljarða króna hagnaður SPRON á fyrstu þremur mánuðum ársins.

**35** milljóna króna tap á rekstri 365 hf., útgáfufélags Fréttablaðsins, á fyrsta ársfjórðungi.



## ALREKSTUR NÝHERJA

# TAKTU SKREFIÐ

„Gæfuspör að fara í Alrekstur Nýherja“

### MARGT SMÁTT TÓK SKREFIÐ ÞEGAR FYRIRTÆKIÐ STÆKKAÐI OG FÓR Í ALREKSTUR NÝHERJA

„Það var mikið gæfuspör fyrir okkur að fara í Alrekstur Nýherja, bæði vegna góðrar þjónustu og þæginda. Allar útstöðvarnar eru nýjar og voru settar upp fyrir okkur. Þá sér Nýherji einnig alfarið um að endurnýja allan hugbúnað og miðlægan búnað. Það er fast fyrirsjáanlegt mánaðargjald í Alrekstri og við fáum enga aukareikninga vegna þjónustunnar sem er mikill kostur.“

Hulda Snorradóttir, framkvæmdastjóri Margt Smátt

### ÚTHÝSTU TÖLVUREKSTRINUM OG UPPLIFÐU:

#### HAGRÆÐI

Erlendar kannanir sýna að fyrirtæki í alrekstrarþjónustu geta sparað tugi prósentu á ári miðað við að halda úti eigin tölvudeild.

#### AÐGENGI

Sérfræðingar með þekkingu og reynslu eru alltaf til taks og veita persónulega tölvuþjónustu án aukagjalds.

#### ÖRYGGI

Hjá Nýherja er búnaðurinn varinn með bestu fánlegu tækni – engar óvæntar uppkomur.

HAFÐU SAMBAND VIÐ SÖLURÁDGJAFANA OG FETADU Í FÓTSPOR FJÖLDA ÁNÆGDRA VIÐSKIPTAVINA SEM HAFNA ÁTTAÐ SIG Á HAGRÆÐINU OG ÞÆGINDUNUM SEM FYLGJA ÞVI AÐ ÚTHÝSA TÖLVUREKSTRINUM.



**NÝHERJI**

Borgartúni 37 - 105 Reykjavík - sími 569 7700  
Kaupangur v/Mýrarveg - 600 Akureyri - sími 569 7620  
www.nyherji.is - nyherji@nyherji.is

## Hversu hátt stefnir þú?

Þrjú fjárfestingarsöfn – þrjár mismunandi leiðir  
Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift.



Vegmúla 2 - 108 Reykjavík - 550 1310 - verdbref@spron.is - www.spronverdbref.is



### ÁVÖXTUNARSAFNIÐ 24,9% ávöxtun

Meiri sveiflur, hærrí væntingar.  
Áhersla á góða áhættudreifingu með erlendum og íslenskum verðbréfum.

- 75% hlutabréf
- 25% skuldabréf

